Sunnukórinn í 70 ár

Stofnaður á sólardegi Ísfirðinga 25. janúar 1934

Sunnukórinn í 70 ár, afmælisblad

Útgefandi: Sunnukórinn
Ritstjóri: Guðfinna Hreiðarsdóttir
Ábyrgðarmaður: Guðný Hólmgeirsdóttir
Ritnefnd: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
Geirþrúður Charlesdóttir
Gunnlaugur Jónasson
Guðmundur Hagalínsson
Sigurveig Gunnarsdóttir
Prentun: H-prent, Ísafirði 2003
Forsíðumynd: Halldór Sveinbjörnsson

Sunna

Afmælisljóð í tilefni af 70 ára afmæli Sunnukórsins 25. janúar 2004

Sól, þér helgum sigurlag
og syngjum lof af hjarta.
Þú breytir hríðar dimmu í dag
uns dægrin litum skarta.
Já, þiggðu okkar þakkarbrag
þokkagyðjan bjarta.

Þegar vetrar drunginn dvín
og dregur hægt að vori,
Þorri hörfar heim til sín
hrímþungur í spori,
þú feimin yfir fjallsbrún skín
og fyllir brjóstið þori.

Með blíðu kyssir klakatár
af klettsins hrjúfa vanga,
græðir viðkvæm svarðar sár
og sefar kulið stranga.
Þú vekur drauma, vonir, þrár
af vetrarsvefninum langa.

Sól, þér ómar ísfirsk þökk
upp af mjallar hjúpi
og í fuglsins kvaki klökk
kveðin fjalls af gnúpi;
sjötíu ára söngva þökk
sungin úr bláu Djúpi.

Ólína Þorvarðardóttir

Kveðja frá Sunnukórnum

Brátt munu Ísfirðingar fagna komu sólarinnar sem undanfarna mánuði hefur haldið sig til hlés bak við rismikinn fjallahringinn við Skutulsfjörð. Það er bæjarbúum eilíft fagnaðarefni þegar glaðir og glettnir sólargeislarnir gera sig heimakomna á götum bæjarins 25. janúar ár hvert enda láta áhrifin ekki á sér standa - það birtir yfir bænum og í hjörtum þeirra sem þar búa. Sunnukórinn hefur alla tíð haft góða ástæðu til að fagna þessum degi sérstaklega enda stofnaður á sólardegi Ísfirðinga árið 1934. Að þessu sinni er enn ríkari ástæða til að fagna því að 70 ára gæfuríkt starf er að baki þar sem margt hefur á dagana drifið og margir komið við sögu. Kórinn var upphaflega stofnaður í því skyni að annast söng í Ísafjarðarkirkju við venjulegar guðsþjónustur og efla sönglíf í bænum, sérstaklega með flutningi kirkjulegra tónverka. Framan af starfaði kórinn því að verulegu leyti sem kirkjukór en með breyttum aðstæðum á seinni árum hefur hlutverk hans breyst og er hann í dag hefðbundinn, almennur kór. Starfsemi Sunnukórsins hefur alla tíð verið mjög metnaðarfull og einn af merkari þáttum í menningarlífi bæjarins. Er óhætt að segja að kórinn hafi vaxið og dafnað allt til þessa dags en kórfélagar hafa á undanförnum árum verið í kringum 50.

Það er hugumstór Sunnukór sem tekst á við áttræðisaldurinn. Hefur sá stórhugur fylgt kórnum frá fyrsta degi, tryggur förunautur í hverfulum heimi þar sem kynslóðir koma og fara. Þeir skipta vísast orðið hundruðum, kórfélagarnir, sem sungið hafa með Sunnukórnum og komið þar við sögu með einum eða öðrum hætti, sumir stutt en aðrir megnið af sínu lífshlaupi. Þetta er grundvöllur kórsins því án kórfélaga er enginn kór. Öllu þessu fólki eru færðar þakkir fyrir samfylgdina og, eins og Geirþrúður Charlesdóttir kemst svo vel að orði hér í blaðinu, „fyrir góðar samverustundir, vináttu og samstarf þar sem hefur verið sungið og hlegið, - hvað er betra?“

Ýmsir aðilar hafa styrkt Sunnukórinn á þessum tímamótum, bæði við útgáfu afmælisblaðs og eins vegna fyrirhugaðrar afmælishátíðar. Kann kórinn þessum aðilum miklar þakkir fyrir en sérstakar þakkir fá Ísafjarðarbær og Íslandsbanki fyrir veglega styrki til kórsins á 70 ára afmælinu.

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
- formaður Sunnukórsins -

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar:

„þann dag er sól sést fyrst í bænum á Ísafirði“

Enginn blandaður kór á Íslandi getur státað af því að hafa starfað jafn lengi og Sunnukórinn á Ísafirði. Það var á sólrisudegi fyrir sjötíu árum að hópur fólks kom saman, bæði konur og karlar, til að stofna með sér söngfélag sem skyldi annast kirkjusöng á Ísafirði og ýmsan tónlistarflutning annan í bænum. Framhaldið má lesa í vandaðri samantekt Björns Teitssonar, sagnfræðings, sem nú hefur ritað sögu Sunnukórsins. Þar má lesa tilvitnanir í gjörðabók stofnfundarins en hann var haldinn fimmtudaginn 25. janúar 1934, „þann dag er sól sést fyrst í bænum á Ísafirði eftir að hún hefir horfið að haustdögum“. Sólin hefur því fylgt Sunnukórnum frá fyrsta degi og allar götur síðan hefur hann verið órjúfanlegur hluti af menningarlífi Ísfirðinga og glæsilegt tákn fyrir gróskumikið sönglíf í bænum.

Þótt ég sé ekki alin upp á Ísafirði hefur nafn Sunnukórsins fylgt mér frá blautu barnsbeini því móðuramma mín, María Jónsdóttir kaupfélagsstjórafrú, var einn af stofnfélögum kórsins og söng með honum í rúma þrjá áratugi. Hún var kosin ritari í fyrstu stjórn kórsins og síðar sat hún um skamma hríð sem formaður. Í barnshuga mínum lék alltaf dýrðarljómi um þennan ísfirska kór og þótt ég hefði aldrei til Ísafjarðar komið á þeim tíma var engu líkara en að uppruni minn endurspeglaðist í kórnum.

Fáar þjóðir í heimi hafa jafn mikið yndi af kórsöng og Íslendingar og hefur því oft verið fleygt að tíundi hver landsmaður syngi í kór. Það er í reynd eftirtektarvert að á tímum vaxandi framboðs af afþreyingu hafa félagar í Sunnukórnum sjaldan verið fleiri en nú. Sú staðreynd segir meira en mörg orð um þann góða félagsanda sem ríkir í kórnum – hann smitar út í samfélagið og laðar stöðugt að nýja félaga. Slíkt er aðalsmerki góðra kóra.

Sunnukórinn stendur á merkum tímamótum. Saga kórsins hefur nú verið skráð í fyrsta sinn í tilefni afmælisins og vandaður geisladiskur var gefinn út fyrir jól. Auk þess kom kórinn fram í einkar vel gerðum áramótaþætti Sjónvarpsins ásamt fjölmörgu öðru frábæru tónlistarfólki af norðanverðum Vestfjörðum – þætti sem borið hefur hróður Ísafjarðar um allt land.

Ég er stolt af þessum kór. Og ég er stolt af því að amma Maja skyldi eiga sinn þátt í stofnun hans. Minning hennar lifir með Sunnukórnum líkt og minning þeirra fjölmörgu einstaklinga sem lagt hafa kórnum lið á sjötíu ára ferli hans. Hvað skyldu þeir vera orðnir margir?

Um leið og ég árna Sunnukórnum allra heilla í tilefni af sjötíu ára afmælinu, og þakka ómetanlegt framlag hans til menningarmála í sveitarfélaginu, vil ég hvetja hann til áframhaldandi góðra verka. Framtíðin blasir björt við með ný og ögrandi verkefni sem kór sólarinnar mun standa vel undir.

Geirþrúður Charlesdóttir lítur yfir farinn veg:

„Söngurinn er mikill gleðigjafi“

Sunnukórinn 70 ára og er eini blandaði kórinn á landinu sem hefir verið starfræktur svo lengi, eða með öðrum orðum hefir náð svo „háum aldri“. Hvað veldur? Jú, eitt er það að Ísafjörður hefir löngum átt fólk sem hefur haft gleði og löngun til að syngja, og oft höfum við átt fallegar og góðar raddir, - en það er ekki nóg, það þarf að hafa einhvern til að stjórna og halda utan um málin. Við Ísfirðingar vorum svo lánsamir að eiga ötulan mann sem stofnaði ásamt fleirum Sunnukórinn, það var Jónas Tómasson, en hann var einstaklega áhugasamur um að efla menningu í bænum okkar, og þá sérstaklega tónlistina, bæði í söng og spili. Hann stjórnaði Sunnukórnum, Karlakórnum, var organleikari í Ísafjarðarkirkju í meira en hálfa öld, stofnaði fyrsta tónlistarskóla hér á Ísafirði og lengi má telja.Þegar árin færðust yfir, vildi Jónas fara að minnka við sig störf en jafnfamt vildi hann yrkja jarðveginn fyrir áframhaldandi starfi tómlistarinnar. Jónas sagði því ekki: BLESS, BLESS, þökk fyrir samstarfið, nú er ég hættur og þið verðið að finna annan stjórnanda. Jónas vildi sjá ævistarfið og menningarþáttinn sem hann hafði byggt upp, tónlistarþáttinn í kirkjunni, kórastarfið o.fl. vera í öruggum farvegi, hann vildi vanda til verksins, finna arftaka sinn og það gerði hann og lagði mikla vinnu í það, - og hann fann hann, - Ragnar H Ragnar flutti frá Ameríku með fjölskyldu sína og settist hér að. Þingeyingarnir Sigga og Ragnar urðu fljótt sannir Ísfirðingar og lögðu metnað í að efla menningu og listir Ísafjarðar enda skildu þau eftir sig glæsilegan minnisvarða sem við þekkjum öll. Ragnar stjórnaði kórunum í bænum, var skólastjóri Tónlistarskólans og seinna orgelleikari kirkjunnar. Jónas Tómasson, var ekki BARA að hugsa um kórastarfið, hann horfði fram á veginn, hans skoðun, vilji og ákvörðun var að mennta fólk í tónlist, efla tónlistina og auðga menninguna með námi. Og nú eigum við glæsilegan tónlistarskóla þar sem kennt er á margs konar hljóðfæri og einnig hljóðfæri mannsins með söngkennslu.

Að öllum kórstjórum Sunnukórsins ólöstuðum eigum við Jónasi Tómassyni og Ragnari H Ragnar mest að þakka, þessum mönnum ber að þakka langlífi kórsins okkar, þessi óþreytandi elja og áhugi sem þeir sýndu með störfum sínum til að gera hlut Ísafjarðar sem mestan í þágu menningar og listar.

Ég var fjórtán ára þegar ég byrjaði að syngja með Sunnukórnum, við Unnur Ketilsdóttir ,fermingarsystir mín og vinkona, sungum við fermingarguðsþjónustu viku eftir okkar fermingu. Ég söng sópran en Unnur alt, ungar, feimnar og glaðar stúlkur með öllu þessu góða fólki sem við lærðum mikið af. En afhverju byrjuðum við svona ungar að syngja í kór? Jónas var ekki bara eljumaður og dugmikill við að kenna raddir og lög, hann var alltaf vakandi fyrir því að fá fólk í kórinn, og hann var mjög ýtinn og fylgdi sínu eftir. Fyrir þessum leikreglum Jónasar féll ég og sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Söngurinn er mikill gleðigjafi, - að koma dauðþreytt heim úr vinnu og hugsa: æ, ég nenni ekki á söngæfingu í kvöld, en þó fer ég - og kem óþreytt heim sönglandi og endurnærð. Samt er þetta vinna, að læra lögin og raddirnar og vanda vinnu sína undir stjórn söngstjórans. Af eigin reynslu segi ég oft: söngurinn og góður félagsskapur læknar flest mein (og líka bein).

Elsku Sunnukórinn minn, megir þú áfram starfa á þeim sterka grunni sem vinur minn Jónas Tómasson lagði. Ég vil þakka öllum félögum sem ég hef starfað með fyrir góðar samverustundir, vináttu og samstarf þar sem hefur verið sungið og hlegið, - hvað er betra?

Það verður gott að orna sér við arineldinn, með minningar um söngæfingar, tónleika, raddþjálfun (syngja með stút, eins og Hanna Bjarna kenndi okkur, ha!) ferðalögin ógleymanlegu, dans og söng á sjó og landi, pönnukökur flatar og upprúlladar fyrir bassann, sem ég gerði lengi fyrir hann Jón minn.

Guð blessi þau störf sem unnin eru í þágu menningar og listar Ísafjarðarbæjar fyrr og síðar.

Glatt á (Stakka-) hjalla hjá Sunnukórsfélögum í söngför þar sem farið var norður í Varmahlíð í Skagafirði og til Akureyrar í júní 1993.

Margrét Geirsdóttir, stjórnandi Sunnukórsins, segir kraft og metnað ríkjandi í starfi kórsins

„Þá næst árangur sem veitir ósvikna gleði“

Síðsumar 1996 var Margrét Geirsdóttir ráðinn kórstjóri Sunnukórsins og má segja að hún hafi meira og minna verið við stjórnvölinn síðan nema hvað hún tók sér frí frá störfum haustið 2001 og fram í febrúar 2003. Margrét segir að henni hafi á sínum tíma verið boðin þessi staða og hún hafi aldrei séð eftir því að hafa þáð hana. En hvað var fyrsta verkefni hennar með kórnum?

„Að syngja í gangamunna Vestfjarðaganga við vígslu þeirra 14. september 1996. Þar sungu sameinaðir kórar af öllu svæðinu og var margt fólk sem kom saman til að syngja og fagna stórum áfanga. Þetta var ákaflega skemmtileg byrjun á starfinu.“

Aðspurð segir Margrét að henni þyki þetta starf ákaflega skemmtilegt og það veiti henni mikla ánægju. En er ekkert erfitt að 50–60 manns til að gera nákvæmlega það sem hún biður um?

„Stundum, stundum ekki. Það fer allt eftir því hvað er verið að syngja og hvað ég fer fram á við kórinn. Yfirleitt gengur það mjög vel því fólk leggur sig virkilega fram við að ná því sem ég bið um. Stundum verð ég svolítið fúl þegar mér finnst kórinn ekki gefa mér það sem ég bið um eða þegar hann er einbeitingarlaus en á móti verð ég himinlöð þegar svörunin er góð.“

En hvað finnst kórstjóranum skemmtilegast og hvað leiðinlegast við starfið?

„Þegar enginn er með nótur og kórinn er einbeittur, allir kunna sitt vel og horfa á kórstjórann. Þá næst árangur sem veitir ósvikna gleði. Það er toppurinn. Að sama skapi finnst mér leiðinlegast þegar þessu er öfugt farið.“

Þegar Margrét er spurð hvað henni þykir eftirminnilegast úr starfinu, segir hún að margt komi upp í hugann.

„Fyrst vil ég þó nefna gott samstarf við mikinn fjölda fólks. Bráðskemmtilegar stundir með enn skemmtilegri kórfélögum. Frábær samvinna við formenn og stjórnir. Sunnukórinn hefur verið heppinn með forystuna, því þar hefur verið ríkjandi metnaður og kraftur. Ég get heldur ekki látið hjá líða að minnast á einstaklega gott samstarf við Sigríði Ragnarsdóttur sem hefur verið undirleikari Sunnukórsins um árabil. Þar á Sunnukórinn hauk í horni. Æfingar á Polovetsku dönsunum til flutnings með Sinfó, æfingar á Schubert-messunni til flutnings með áhugamannasinfó, upptökur á geisladiskinum, upptökurnar fyrir sjónvarpsþáttinn sem sýndur var sl. gamlárskvöld. Kanadaferðin! Ég held þó að það sem upp úr standi og það sem ég hef haft mesta ánægju af hafi verið æfingar og flutningur á verkinu Mold og dagar eftir Jónas Tómasson yngri. Mér þótti, og þykir, það verk einstaklega skemmtilegt. Sannkallað listaverk.“

Fyrsta verkefni Margrét sem stjórnanda Sunnukórsins, var að stjórna samkór nokkurra kóra á norðanverðum Vestfjörðum sem sungu við vígslu Vestfjarðaganga haustið 1996. Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson.

Það hljómar eins og það verkefni sé í sérstöku uppáhaldi hjá kórstjóranum?

„Já, af öllu öðru ólöstuðu er verkið Mold og dagar í mestu uppáhaldi hjá mér. Einnig, og þá úr allt annarri átt, BG-syrpan sem Baldur Geirmundsson útsetti svo frábærlega. Ég held mér sé óhætt að segja að bæði kórinn og ég höfðum mikla ánægju af að æfa og flytja syrpuna. Ekki var heldur verra að þeir spiluðu sjálfir undir, Baldur, Sammi (Samúel Einarsson) og Kalli (Karl Geirmundsson) félagarnir úr BG.“

Einhver spaugileg atvik sem Margrét man sérstaklega eftir?

„Þegar ég lít til baka finnst mér allt hafa verið svo gaman, enda með afbrigðum skemmtilegt fólk í Sunnukórnum. Það er ekkert sérstakt sem kemur upp í hugann nema hláturskröst á æfingum og þegar kórinn er yndislegur, t.d. þegar mér var komið á óvart á fertugsafmælinu, jafnvel þótt kórinn syngi Hvíta máva (oj). Líka skelfingin sem greip mig á Sunnukórsballinu 1999 þegar ég var sett upp á stól og látin halda að ég ætti að fara að stjórna Fenja Úhru en þá voru mér færðar rósir. Því gleymi ég aldrei! Annað sem kemur upp í hugann er ótti minn við að kórinn geri eitthvað þegar hann kemur fram sem ég veit ekkert um (nú er ég að vitna til þess þegar Beötu var strítt á tónleikum). Þetta færi með taugakerfið í mér því þegar kórinn kemur fram finnst mér allt verði að vera eftir nákvæmri forskrift. Minni forskrift.“

Núna, þegar 70 ár eru að baki, hvernig sér Margrét framtíð kórsins fyrir sér?

„Ég get ekki séð annað en að framtíð kórsins sé björt. Afmælisbarninu hefur gengið allt í haginn og ber aldurinn vel. Talaðu við mig á hundrað ára afmælinu!“

Margrét fyrir framan ráðhúsið í Winnipeg í Kanada 17. júní 2002. Að baki henni sést í nokkra kórfélaga.

Margét er að lokum spurð að því hvað kórinn muni syngja á 70 ára afmælinu sem kórinn ætlar að halda upp á í íþróttahúsinu Torfnesi 24. janúar nk.

„Nýtt verk, Sunna, eftir Jónas Tómasson yngri við ljóð eftir Ólínu Þorvarðardóttur, nýtt verk, Norðurljósablús, eftir Vilberg Vilbergsson (Villa Valla) við ljóð eftir hann sjálfan, nýja útsetningu á landsmótspolka Baldurs Geirmundssonar við ljóð eftir Ólínu Þorvarðardóttur en lagið heitir núna Sunnupolki, Rís heil, þú sól eftir Jón Laxdal við ljóð eftir Hannes Hafstein en það hefur verið sungið í áraraðir á Sunnukórsballi, Habanera úr Carmen eftir Bizet. Svo lumar kórinn líklega á aukalagi. Ingunn Ósk Sturludóttir syngur einsöng í Norðurljósablús Villa Valla og í Habanera. Undirleikur verður í höndum Sigríðar Ragnarsdóttur og svo mun Jazzbandið fræga sem við hér vestra erum svo stolt af leika undir með kórnum. Ég held að mér sé óhætt að lofa því að þetta verði skemmtileg dagskrá sem allir munu hafa gaman af.

Margrét með kórnum á Sunnukórsballi í janúar 1997. Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson.

Sunnukórsfélagar fyrir utan First Lutheran Church í Winnipeg þar sem kórinn söng nokkra sálma í sunnudagsmessu.

Hvað er eftirminnilegast úr kórstarfinu?

Hrafnhildur Samúelsd., sópran:
Þegar ég hugsa til baka um þau 25 ár sem ég hef starfað í Sunnukórnum, held ég að það sem stendur upp úr í mínum huga er þegar við sungum Áfanga við lag eftir Hjálmar Ragnarsson með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eins eru söngferðalög til Ungverjalands og Kanada mér mjög minnisstæð.

Svavar Þór Guðmundsson, tenór:
Einu sinni sungum við „Ítalskt salat" og það sem kom mér mest á óvart var, að það leit út sem fullkominn ógjörningur á blaði gæti tekist svona glimrandi í reynd. Fyrir vikið hefur mér enn ekki tekist að gleyma þessu lagi.

Ingibj. Steinunn Einarsd., sópran:
Söngferðir kórsins ásamt karladór Ísafjarðar um hvítasunnu 1967 til Norðurlands með Esjunni í blíðskapar veðri og var gist í skipinu meðan á ferðinni stóð. Ferð til Reykjavíkur og Keflavíkur 1968 og var í þeirri ferð tekin upp platan Í faðmi fjalla blárra. Einnig er mér minnistætt fyrsta sunnakórsballið sem ég fór á en þá var ég 17 ára gömul að syngja með kórnum. Var það fyrsta síðkjólaballið mitt.



Baldur Geirmundsson, tenór:
Kanadaferðin var stórkostleg og skyggir á allt annað. Aukabónus þar var að komast í golf á fínum völlum.

Fjórtán ára gamall var Hjálmar H. Ragnarsson orðinn undirleikari hjá Sunnukórnum

Löngu dauður ef gömlu góðu lögin hefðu bara verið sungin

„Við systkinin lifðum með kórnum í gegnum pabba og því var eðlilegt að við færum að spila undir hjá kórnum mjög ung. Mér fannst það mjög gaman, maður var lang yngstur og fékk að horfa inn í þennan fullorðinsheim", segir Hjálmar Helgi Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands. Faðir hans, Ragnar H. Ragnar, stýrði Sunnukórnum í tæpan aldarfjórðung og Hjálmar segist ekki hafa verið nema 13 eða 14 ára þegar hann var orðinn undirleikari hjá kórnum. Síðar átti hann eftir að kynnast Sunnukórnum frá öðru sjónarhorni þegar hann tók við sem stjórnandi hans um tveggja ára tíma á áttunda áratugnum, þá nýkominn úr námi frá Bandaríkjunum.

„Eftir að ég fór að spila undir gerðist það að pabbi veiktist og var frá í nokkurn tíma. Á meðan æfði ég kórinn í Dónárvölsunum eftir Strauss sem kórinn söng við góðar undirtektir. Þannig var maður fljótlega kominn í nokkurskonar þjálfara- eða jafnvel stjórnandahlutverk. Ég hef alltaf virt það við kórfélaga að hafa tekið mér sem alvöru manni því ég hef sennilega ekki verið nema u.þ.b. 15 ára. Þannig var þetta geysileg lífreynsla fyrir mig."

Hjálmar segir að sér sé sérstaklega minnisstæð söngferð sem hann fór með kórnum um Norðurland, til Siglufjarðar, Akureyrar og Húsavíkur vorið 1968. „Kórinn leigði strandferðaskipið Esjuna og það var alveg sérstaklega gott í sjóinn þennan tíma enda hafísinn skammt undan.

Ég var með Jóhanni Gunnari, þáverandi sýslumanni Ísfirðinga í herbergi sem var elsti maðurinn í ferðinni og ég sá yngsti. Hann kunni að lesa nótur og sáu um að fletta fyrir mig.

Kórfélagarnir gáfu mér fyrir ferðina forláta Konica myndavél, mikinn gæðagrip sem ég á ennþá. Yfir þessu var maður mjög upprifinn enda aldrei átt myndavél áður. Með henni fylgdi slídesfilma en alvarlegast var að ég og notaði hana til að taka myndir á heimleiðinni þegar gleðin stóð sem hæst um borð í Esjunni. Ég var náttúrlega bara unglingur og tók því ekki beinan þátt í gleðskapnum en hafði vökult auga með því þegar góðborgararnir voru að tvista á dansgólfinu um borð.

Ég hef ekki sýnt þessar myndir á almannafæri og hyggst ekki gera það strax. Það er vissara að láta líða nokkur ár enn. Þarna gerðist ekkert ósiðlegt en það má misskilja sumar myndirnar.

Árið eftir fór ég síðan í aðra ferð með kórnum um Suðurland en ferðin með Esjunni er mér alveg ógleymanleg, við fengum frábærar viðtökur þar sem við komum og ferðalagið sjálft var mjög skemmtilegt."

Hjálmar segir marga tónleika vera sér minnisstæða frá þeim árum sem hann stýrði kórnum, bæði úr Alþýðuhúsinu á Ísafirði og Ísafjarðarkirkju en eins frá söngferðum um landið. Hápunkt þess tíma telur hann vera þegar kórinn söng í tvígang í Reykjavík, í Kristskirkju við Landakot og í Austurbæjarbíói.

„Það þótti mikill viðburður fyrir utanaðkomandi kór að syngja við messu í kaþólsku kirkjunni. Messuliðirnir sem við sungum voru allir úr messu sem Jónas Tómasson yngri hafði samið fyrir kór. Þetta þótti mikill viðburður því slíkt hafði aldrei verið gert hér á landi. Kaþólska kirkjan þykir oft íhaldssöm en biskupinn tók okkur sérstaklega vel og um þetta var mikið fjallað. Síðan héldum við stórtónleika í Austurbæjarbíói sem voru með allt öðru sniði, nokkurs konar söngskemmtun."

Hjálmar H. Ragnarsson leikur á alls oddi á Sunnukórsballi árið 1975.

Aðspurður segir Hjálmar að Sunnukórinn hafi flutt afar fjölbreytta tónlist í gegnum tíðina. „Viðfangsefnin hafa verið af margvíslegum toga og þegar ég tek við kórnum sem ungur maður þá kem ég náttúrlega með nýja músík eftir yngri höfunda sem bættist við það sem fyrir var.

Ég held að Sunnukórinn eigi líf sitt að þakka að hafa verið opinn fyrir nýjum straumum. Þetta er elsti starfandi blandaði kórinn á landinu og hann væri löngu dauður ef hann hefði bara haldið sig við gömlu góðu lögin", sagði Hjálmar.

Söngför á Norðurlandi 1967. Hér má sjá Ragnar H. Ragnar, stjórnanda kórsins, og son hans Hjálmar, sem annaðist undirleik aðeins fjórtán ára gamall.

Sigrún Einarsdóttir gekk í Sunnukórinn á fermingarárinu og söng með honum til 1988

„Það hafa allir gott af að syngja"

Sigrún Einarsdóttir byrjaði ung að árum að syngja með Sunnukórnum. Þá þótt kórinn sjálfsagt hafa fest sig í sessi í bæjarlífinu, hafandi starfað í tæpan áratug, þó ekki hafi hann verið orðinn að jafn rótgróinni stofnun og nú þegar fagnað er 70 ára starfi.

Sigrún á vænt safn af vönduðum efnisskrám frá ýmsum tónleikum og söngförum kórsins, allt frá árinu 1945. Hún söng í kórnum með hléum allt fram til ársins 1988. Sigrún átti heima í Hafnarstræti og var nágranni Jónasar Tómassonar, fyrsta stjórnanda Sunnukórsins, sem hún þekki allt frá barnæsku.

„Hann var með svolítinn barnakór fyrir krakkana sem léku sér í portinu á bakvið Hafnarstræti 6. Ég held að það hafi verið á fermingarárinu sem hann bað mig um að koma og syngja í Sunnukórnum, eða þá árið eftir.

Jónas var töluvert lunkinn við að fá ungt fólk í kórinn. Við vorum nokkuð margar sem gengum í kórinn á sama tíma og ég var yngst. Þannig hitti á að ég var sú eina sem fór í sópran röddina en hinar fóru allar í alt", segir Sigrún. Aðspurð segir hún það hafa verið mikinn skóla fyrir sig sem ungling að syngja með kórnum?

„Auðvitað er það alveg dásamlegt að hafa fengið að taka þátt í þessu starfi og líka dásamlegt að syngja lögin og sálmana hans Jónasar. Hann var alveg ótrúlega naskur á að koma með falleg lög fyrir okkur að syngja. Þá var náttúrlega erfiðara að nálgast strauma og stefnur enda plötur og plötuspilarar alls ekki eins algeng fyrirbæri og nú er. Við sungum t.d. alltaf Ó helga nótt sem nú er svo mikið sungið þegar ég var unglingur, í kirkjunni um jólin."

Aðspurð um hvort félagskapurinn í kórnum hafi síður skipt máli en tónlistin segir hún svo alls ekki vera. „Fólkið sem ég þekki hérna á Ísafirði það er fólkið sem var í Sunnukórnum."

Sigrún segir tónlistina sem Sunnukórinn hefur flutt hafa verið afar fjölbreytta í gegnum tíðina. Auk Jónasar Tómassonar hefur hún sungið með fimm stjórnendum þeim Ragnari H. Ragnar, Hjálmari H. Ragnarssyni, Jónasi Tómassyni yngra, Kjartani Sigurjónssyni og Beötu Joó sem hvert um sig hafi fært með sér nýjan andblæ.

Aðspurð um eftirlætistónlist frá árunum með Sunnukórnum segist hún hafa fengið tækifæri til að fást við mörg falleg lög. „Mér fannst gaman að syngja lög ungtónskáldanna okkar Hjálmars og Jónasar yngra en eftir hann frumflutum við Missa Brevis. Það eru samt einir tónleikar sem mér finnast standa upp úr. Þá fluttum við Strengleika, lagaflokk sem Jónas Tómasson samdi við ljóð eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld. Sigurveig Hjaltested og Guðmundur Guðjónsson komu og sungu einsöng með okkur við það tilefni árið 1966. Auðvitað hefur margt mjög fallegt verið sungið en mér finnst þetta einhvern veginn eftirminnilegast."

Sigrún segir kórinn hafa notið góðs af því í gegnum tíðina þegar söngkennarar komu á staðinn og leiðbeindu kórfélögum. „Kórinn fékk alltaf mikið fallegri hljóm á eftir. Kennararnir voru margir mjög góðir en Sigurður Demetz var sá allra besti. Hann var alveg sérstakur og gerði okkur allar kellingarnar að söngkonum.

Síðan eru ferðirnar með kórnum mjög eftirminnilegar. Okkur var alls staðar vel tekið og þetta voru mjög skemmtileg ferðalög. Sérstaklega fannst mér þó skemmtileg síðasta ferðin sem ég fór í til Ungverjalands."

Sigrún segir engan vafa leika á það sé bráðhollt að syngja í kór. „Það þjálfun í sjálfu sér að syngja og fylgir því góður félagsskapur að auki. Ég á enga ósk heitari fyrir ungt fólk en það haldi áfram að koma í Sunnukórinn. Það hafa allir gott af að syngja", sagði Sigrún.



Gunnlaugur Jónasson segir frá fyrsta kórferðalagi sínu:

„áheyrandi aðeins einn, kirkjuvörðurinn“

Á tímamótum er við hæfi að rifja upp söguna og liðna atburði. Hér fer á eftir upprifjun á fyrsta ferðalagi mínu með Sunnukórnum í byrjun júlí 1949. Árið áður hafði verið öflugt starf í kórnum. Óperettan Bláa kápan var sýnd á vegum kórsins og gekk vel. Aðsókn var mjög góð og settar voru upp margar sýningar. Peningar komu í kassann og nú var ákveðið að gera drauminn að veruleika og halda í mikið ferðalag norður í land. Söngstjóri kórsins var, eins og verið hafði frá upphafi, Jónas Tómasson en undirleikari Ragnar H. Ragnar, sem þá var nýkominn til bæjarins og önnum kafinn við að byggja upp nýjan Tónlistarskóla Ísafjarðar. Fararstjóri var Ólafur Magnússon og allir voru þeir ættaðir úr Þingeyjarsýslu og áttu þar frændgarð og vinahóp stóran og vildu nú kynna þeim, sem og öllum hinum, list sína og músíkkunnáttu. Um veturinn var æft af kappi fyrir ferðalagið, bæði almenn söngskrá sem og sérstakt kirkjuprógram til flutnings í norðlenskum kirkjum.

Þegar ég kom heim úr skóla um vorið, óæfður að sjálfsögðu, bauð söngstjóri mér að koma með í ferðalagið. Annað hvort var þetta klíkuskapur vegna fjölskyldutengsla eða það vantaði viðbót í bassann, sem er betri skýring. Ég mætti á síðustu æfingarnar og lærði af kappi, líka textana! Ég var nítján ára og í fyrstu fannst mér þetta býsna fullorðið fólk í hópnum, jafnvel rígfullorðið, enda yngstur karla en aldursmunurinn hvarf fljótt, eins og alltaf í kórastarfi. Reyndar voru í hópnum nokkrar ungar stúlkur, sumar kornungar, sem urðu góðir ferðafélagar.

Ferðinni var þannig háttað að siglt var með strandferðaskipi um Siglufjörð til Akureyrar. Þaðan var ekið í rútubíl norður í Þingeyjarsýslu, um Húsavík og Mývatnssveit og til baka til Akureyrar, en síðan vestur Norðurlandið til Blönduóss þar sem hópurinn skiptist upp. Skal nú gripið niður í dagbók undirritaðs úr ferðinni:

„Lagt var af stað frá Ísafirði aðfaranótt 30. júní 1949 með Esju til Siglufjarðar. Komið þangað stuttu eftir hádegi og kórnum fagnað á bryggjunni af Kirkjukór Siglufjarðar og Gunnari Vagnssyni bæjarstjóra. Sunnukórinn svaraði með Söngheilsu. Á Siglufirði voru haldnir tveir konsertar og boðið til veislu eftir þann seinni og margar ræður fluttar. Haldið var til Akureyrar næstu nótt. Á bryggjunni þar voru mættir Kantötukór Akureyrar og Geysir, sem báðir heilsuðu með söng, en Sunnukórinn svaraði fyrir sig. Á Akureyri dreifðist kórinn út um allan bæ og voru flestir gestir hjá Akureyrskum kórfélögum.

Strax fyrsta kvöldið var sungið í Nýja Bíó fyrir fullu húsi áheyrenda og við mjög góðar undirtektir. Kantötukórinn heilsaði með einu lagi í upphafi tónleika, en í lokin flutti Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri ávarp og þakkaði kórnum komuna. Daginn eftir, laugardaginn 2. júlí, var sungið aftur í Nýja Bíó, en um eftirmiðdaginn fór kórinn ásamt flestum félögum úr Kantötukórnum og Geysi í Vaglaskóg og var þar snæddur kvöldverður.

Sunnudagsmorgun var haldið austur yfir heiði og komið til Lauga, þar sem snæddur var hádegisverður í boði kórsanna þar. Sungið í leikfimihúsinu troðfullu af áheyrendum við ágætar undirtektir. Eftir stutta dvöl var haldið til Húsavíkur og sungið í kirkjunni þar mjög langt prógram, nær því öll lögin úr báðum konsertum. Voru nú liðnir 4 dagar af ferðalaginu og sungnir 6 konsertar.

Næsta dag var Mývatnssveit heimsótt og sungið í Reykjahlíð um miðjan dag við góða aðsókn. Á bakaleið til Akureyrar var komið við á Fosshóli og sungið eitt lag fyrir Sigurð Lúther og þáð kaffi í staðinn.

Næsta kvöld var sungið kirkjuprógramið í fullri Akureyrarkirkju og tókst ágætlega. Kirkjukórinn heilsaði en sr. Friðrik Rafnar þakkaði sönginn. Eftir konsert fengu menn loks leyfi til að fara að skemmta sér og var það almennt notað, af yngri hlutanum mjög vel notað.

Þá segir dagbókin frá ferðinni vestur eftir. Sungið á Sauðárkróki fyrir hálfu húsi og gekk ekki vel. Skorti mikið á einbeitingu eftir hátíðahöld liðinna daga. Hins vegar var komið við í Víðimýrarkirkju og sungið eitt lag, mjög vel að sögn, en áheyrandi aðeins einn, kirkjuvörðurinn. Síðasti konsertinn, og sá 10. á 8 dögum var svo á Blönduósi, en að honum loknum kveðjuveisla í boði kirkjukórs staðarins. Kórnum var

Lagst að bryggju á Siglufirði. Þegar landfestar voru tryggar, söng kórinn af skipsfjöl „Söngheilsu“, texta Guðm. Geirdal þar sem segir í lokin:

Í kórnum bræðra bandið
oss býður vinarhót
með ljúfu geði landið
við leggjum undir fót.

(Lag: „Í faðmi fjalla blárra“)

Gunnlaugur í hópi ungra kórfélaga í Vaglaskógi, nokkuð ánægður að sjá.

þakkaður góður söngur og samheldni, en söngmenn þökkuðu söngstjóra, undirleikara og fararstjóra ánægjulegt samstarf. Um kvöldið tvístraðist hópurinn. Fóru flestir áleiðis til Reykjavíkur, sumir héldu aftur til Akureyrar, en nokkrir fóru til Skagastrandar og náðu þar í Herðubreið á leið til Ísafjarðar. Þeir sem þá leið fóru, skólastrákar og nokkrir karlar sem áttu stutt sumarfrí, komu heim föstudaginn 8. júlí eftir 9 daga skemmtilega ferð.“

Eftir á að hyggja er eftirtektarvert hinar dæmalaust góðu viðtökur og gestrisni heimamanna, fyrirmenn fluttu ávörp, kórar heilsuðu með söng og kvöddu með veislum, gisting boðin kórfélögum o.fl. Þarna kom til frændsemi og góð samskipti forráðamanna kórsins við heimamenn, en líka það að ferðalög kóra landshluta á milli voru þá harla fátíð og vöktu því eftirtekt.

Enn er mér margt eftirminnilegt frá þessari ferð þó langt sé um liðið, þ.e. hún var farin á fyrri hluta síðustu aldar, enda var hún bæði fróðleg og skemmtileg. Það hafa reyndar allar hinar söngferðirnar verið líka. Helsti munurinn er kannski sá, að í þessari fyrstu ferð var ég yngstur karla, en er nú síðast elstur allra. - En við því er svo sem ekkert að gera, annað en það að fara nú að hætta.

Í ferðalok við rútuna á Blönduósi. Jónas Tómasson, söngstjóri, og Ragnar H. Ragnar, undirleikari, ásamt einsöngvurunum Sigurði Jónssyni, Sigrúnu Magnúsdóttur, Jóhönnu Johnsen og Jóni Hirti Finnbjarnarsyni.

Beata Joó, f.v. kórstjóri Sunnukórsins, rifjar upp góðar stundir:

„þegar ég og einn úr bassanum mínum hittumst“

Gunnari Jónssyni, kórfélaga, þakkaður góður söngur í Ungverjalandi.

Haustið 1986 var Beáta Joó ráðinn stjórnandi Sunnukórsins og gegndi því starfi fram á vor 1994. Hún stjórnaði einnig kórnum í afleysingum fyrir Margréti Geirsdóttur starfsárið 2001–2002 og stýrði sömuleiðis kórsöng á aðventukvöldi í desember 2002. Hún var spurð eftir því hvað henni þætti eftirminnilegast frá þessum tíma.

„Ég man allar æfingarnar í saumastofunni í Tónlistarskólanum og kaffipásurnar í pínulitlu kennarastofunni með öllu skemmtilega fólkinu og reykingarlyktinni þegar mátti reykja þar í gamla daga. Og svo eru öll ferðalögin sem við fórum í og óhætt að segja að Sunnukórinn kann svo sannarlega að skemmta sér. Ef ég á að nefna eitthvað sérstaklega þá er það Ungverjalandsferðin 1988. Einnig finnst mér allir þeir tónleikar eftirminnilegir þar sem hefur gengið vel og kórinn hefur sungið vel, t.d. þegar við fórum í tónleikaferð til Skagafjarðar á Sæluviku vorið 2001 og einnig tónleikar í Ísafjarðarkirkju það sama vor. Ég man líka sérstaklega eftir fyrsta Sunnukórsballinu mínu þegar Jana frænka hjálpaði mér að sauma pilsið sem ég fór í og það sem mér fannst svo skemmtilegt var að allir karlarnir í kórnum töldu það skyldu sína að dansa við ógiftan kórstjórann. Það er líka alltaf mjög skemmtilegt að ég á afmæli 25. janúar og hittist mjög oft á að þá eru haldin Sunnukórsböll.

Ef ég má vera svolítið persónuleg, þá gleymi ég auðvitað ekki Sunnukórsballinu þegar ég og einn úr bassanum mínum hittumst og nokkrum árum seinna kom Sunnukórinn og söng við giftingu okkar.“

En er eitthvað sem Beata vill segja við kórinn á þessum tímamótum?

„Ég veit að ég er ekki fyrsti stjórnandi Sunnukórsins en hann er fyrsti kórinn minn svo ég segi það bara: „Kórinn minn, verið þið lengi til!“

Sunnukórinn í hljómleikasal í Szeged, heimborg Beötu.

Sungið í fornfrægri kirkju við Balatonvatn í Ungverjalandi.

Hvað er eftirminnilegast úr kórstarfinu?

Rebekka Pálsdóttir, sópran:
Það er alltaf þannig ef maður er spurður um eitthvað eftirminnilegt þá man maður ekki neitt. En ferðin til Ungverjalands er efst í huga og allt í kringum hana, enda fyrsta ferð mín á erlenda grund.

Kristín Ólafsdóttir, sópran:
Eftirminnilegust eru söngferðalögin sem eru fjölmörg. Þar stendur Kanadaferðin náttúrulega uppúr. En fyrsta minningin mín er útvarpsupptaka á „Mold og dögum“ í Grunnskólanum og kom á óvart hvað þetta var skemmtilegt.



Oddur Pétursson, tenór:
Flutningur tónverka eftir Ísafirsk tónskáld, til dæmis Strengleikar eftir Jónas tómasson eldri, Mold og dagar eftir Jónas Tómasson yngri, Áfangar eftir Hjálmar Helga Ragnarsson, og söngferðir með kórnum, innanlands og erlendis.

Anna G. Sigurðardóttir, alt:
Það var þegar ég byrjaði í Sunnukórnum. Á fyrstu æfingu var verið að æfa Fenja Úhra eftir Hjálmar H. Eftir æfinguna var ég komin með slaufu á tunguna og það kom upp í huga minn hvort þetta væri eitthvað sem ég gæti. Svo var það Kanadaferðin, hún var alveg frábær. Að allt skyldi ganga upp í svona stórum hóp er ekki sjálf gefið, má þakka það góðum undirbúningi og skipulagningu.

Jónas Tómasson, organisti og tónskáld á Ísafirði. Ljósm. M. Simson.

Sunnukórinn á Ísafirði á sér lengri samfellda sögu en nokkur annar blandaður kór sem nú er starfandi á Íslandi því hann er eini íslenski samkórinn frá fyrri hluta 20. aldar sem hefur haldið velli. Björn Teitsson, sagnfræðingur og fyrrum skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, hefur skráð sögu kórsins sem nær yfir sjö áratugi og verður hér á eftir stiklað á stóru í samantekts Björns. Saga Sunnukórsins verður síðar birt í heild sinni í Árskriti Sögufélags Ísfirðinga.

Sunnukórinn

Á fundi sóknarnefndar Ísafjarðarkirkju 19. sept. 1933 var lagt fram bréf frá Jónasi Tómassyni organista, „þar sem hann telur sig ekki geta séð um og lagt til söng við guðsþjónusturnar eins og honum ber samkv. erindisbréfinu, og verði því að segja starfinu lausu.“ Í framhaldinu ákvað sóknarnefndin að efna til funda með söngfólkinu í kirkjunni „til þess að ræða við það um kirkjusönginn í framtíðinni og ef unt er að koma á félagsskap sem starfar að því að fegra og bæta kirkjusöngin(n) og vinna að því að flytja kirkjuleg tónverk í guðsþjónustum og á sérstökum söngsamkomum í kirkjunni. Formanni, sóknarpresti og organista var falið að undirbúa fundinn.“

Á aðalsafnaðarfundi Ísafjarðarsafnaðar 15. október 1933 voru sóknargjöld til umræðu, en söfnuðurinn átti þá nokkurt fé í sjóðum, einkum í kirkjubyggingarsjóði. Fram kom svohljóðandi tillaga: „Þar eð búast má við auknum útgjöldum á næstu tímum, sérstaklega til söngs við guðsþjónustur, leggur sóknarnefndin (til), að kirkjugjöld verði óbreytt um næstu 5 ár.“ Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

„Aðdragandi og undirbúningur að stofnun félags er annist kirkjusöng á Ísafirði.“

Elsta gerðabók Sunnukórsins hefst á frásögn sem nefnist „Aðdragandi og undirbúningur að stofnun félags er annist kirkjusöng á Ísafirði.“ Þessi frásögn er dagsett 7. des. 1933 og undirrituð af Sigurgeiri Sigurðssyni, Jónasi Tómassyni og Elíasi J. Pálssyni. Þar segir að allmörg hin síðari ár hafi 30-40 manns léð krafta sína, án alls endurgjalds, til söngstarfs við kirkjuna að meira eða minna leyti, undir stjórn Jónasar Tómassonar. Tekið er fram að þetta fyrirkomulag hafi krafist mikils starfs af söngstjóranum, sem hafi þurft að sjá um að nógu margt söngfólk væri við hverja guðsþjónustu til þess að söngur yrði svo góður að vel mætti við una. Síðan segir að tímarnir hafi breyst og einkum tvö síðustu árin hafi komið í ljós að breyta þurfi um fyrirkomulag, enda séu nú allvíða í landi hér launaðir menn og konur við kirkjusönginn, þótt þar séu og margir sjálfboðaliðar.

Þar næst er því lýst að sóknarnefnd telji nú sjálfsagt að styrkja með fjárframlögum félag er hugmyndir séu uppi um að stofna til að annast kirkjusönginn og efna við og við til hljómleika og samsöngva. Frásögn þremenninganna lýkur með því að þeir birta texta orðsendingar til söngfólks í bænum, dagsetta sama dag, 7. des. 1933, svohljóðandi:

„Undirritaðir leyfa sér hér með að biðja yður að gjöra svo vel, ef ástæður leyfa, að koma til fundar laugardaginn 9. þ.m. kl. 9 e.h. í fundarsalnum í húsi Jónasar Tómassonar til að ræða söngmál kirkjunnar.“ Boðið var til kaffidrykkju eftir fundinn á heimili Jónasar og Önnu konu hans.

Hinn boðaði fundur var haldinn á tilsettum degi og kom þar allmargt söngfólk. Elías J. Pálsson stýrði fundinum, en auk fundarboðendanna þriggja tóku til máls Guðmundur Geirdal hafnargjaldkeri, Jón Hróbjartsson kennari o.fl. Gerð var svohljóðandi samþykkt: „Fundur karla og kvenna, sem sungið hafa að undanförnu í Ísafjarðarkirkju, samþykkir að stofna með sér félag í því skyni að annast kirkjusöng á Ísafirði og jafnframt að efla sönglíf í bænum, sérstaklega með flutningi kirkjulegra tónverka.“ Undir þessa samþykkt rituðu 26 manns nöfn sín.

„Þann dag er sól sést fyrst í bænum á Ísafirði“

Formlegur stofnfundur hins nýja félags var haldinn í fundarsalnum í húsi Jónasar Tómassonar fimmtudag 25. janúar 1934, „þann dag er sól sést fyrst í bænum á Ísafirði eftir að hún hefir horfið að haustdögum“, eins og segir í gjörðabókinni. Elías J. Pálsson sagði seinna: „Sunnukórinn var stofnaður ... á sólardegi Ísfirðinga... Það var því talið vel við eigandi að félag það sem beint var stofnað til þess að gefa Ísfirðingum kost á að njóta þeirrar ánægju og gleði, sem góður söngur skapar flestum mönnum, fengi nafn í sambandi við þenna merka árlega atburð í lífi þeirra.“

Undirbúningsnefndin lagði fram frumvarp að lögum fyrir félagið, og las fundarstjórinn, Elías J. Pálsson, upp hverja grein fyrir sig, og voru loks samþykkt lög í átta greinum. Félagið fékk nafnið Sunnukórinn. Tilgangur þess skyldi vera tvíþættur, þ.e. „að annast um söng í Ísafjarðarkirkju við venjulegar guðsþjónustur“ og „að efla sönglíf í bænum, sérstaklega með flutningi kirkjulegra tónverka.“ Félagar gátu verið virkir, þ.e. þeir sem annað hvort syngju eða inntu af hendi önnur mikilvæg störf fyrir félagið, eða óvirkir, sem skyldu greiða 5 krónur í árgjald. Til að vera félagi þurfti meðmæli stjórnar og samþykki fundar. Stjórn skyldu skipa fimm menn, kjörnir til tveggja ára, annað árið skyldu kosnir þrir, hitt tveir. Á aðalfundi í september skyldi auk stjórnar kjósa tvo endurskoðendur og leggja fram reikninga. Þá voru að lokum ákvæði um mögulegt félagsslit.

Við stjórnarkjör fékk flest atkvæði eða 16 Halldóra Halldórsdóttir, en 15 atkvæði fengu Sigrún Magnúsdóttir og Sigurgeir Sigurðsson. Sigríður Jónsdóttir fékk 11 atkvæði og María Jónsdóttir 10. Þessi fimm voru í fyrstu stjórninni, sem skipti þannig með sér verkum að séra Sigurgeir varð formaður, María ritari, Sigrún gjaldkeri og hinar tvær meðstjórnendur.

Af hverju Sunnukór?

Af því sem nú hefur verið sagt má ráða, að ein meginástæðan fyrir stofnun Sunnukórsins hafi verið að sýnt hafi þótt að greiða yrði söngfólki nokkur laun fyrir söng við kirkjulegar athafnir, enda mun athöfnunum hafa farið sífellt fjölgandi með fólksfjölgun í bænum. Íbúar Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps, sem samanlagt mynduðu sóknina, voru árið 1910, þegar Jónas varð organisti, alls 2446, en voru árið 1930 orðnir 3090. Ákveðið var um leið að koma á fót blönduðum kór, sem öðru hvoru gæti komið fram á opinberum söngsamkomum. Líklega hefur verið almennur áhugi fyrir þessu hvoru tveggja meðal söngfólks á Ísafirði um þetta leyti. Athyglisvert er að Jónas Tómasson virðist í fyrstu hafa miðað við að kórinn flytti einungis kirkjuleg tónverk á slíkum samkomum, en í lögum kórsins er eins og áður segir talað um að sérstaklega verði um að ræða flutning kirkjulegrar tónlistar. Þannig var þegar

Haldið upp á 85 ára afmæli Jónasar Tómassonar með flutningi lagaflokksins „Strengleika“ í Alþýðuhúsinu 7. og 8. mars 1966. F.v: Ólafur Vignir Albertsson, undirleikari, Guðmundur Guðjónsson, tenór, Sigurveig Hjaltested, sópran, Jónas Tómasson, tónskáld, Sigríður Ragnarsdóttir, undirleikari og Ragnar H. Ragnar, stjórnandi.

Samband vestfirskra kirkjukóra á Ísafirði, söngmót 27.–29. maí 1948. Sitjandi f.v.: Jónas Tómasson, söngstjóri Sunnukórsins, Sigurður Ísólfsson, organisti, sr. Páll Sigurðsson, söngstjóri Kirkjukórs Bolungarvíkur, frú Sigríður Benediktsdóttir, söngstjóri Kirkjukórs Flateyrar, sr. Sigurgeir Sigurðsson, biskup, frú Guðrún Pétursdóttir, biskupsfrú, Baldur Sigurjónsson, söngstjóri Kirkjukórs Þingeyrar, og Steingrímur Sigfússon, söngstjóri Kirkjukórs Patreksfjarðar. Ljósm. M. Simson.

Sunnukórinn árið 1944. Fremsta röð f.v.: Jóhanna Johnsen, Margrét Finnbjarnardóttir, Sigrún Einarsdóttir, Jónas Tómasson, söngstjóri, Sigurður Birkis, söngkennari, Elías J. Pálsson, Marta Björnsdóttir, Kristjana Jónsdóttir og María Jónsdóttir. Önnur röð f.v.: Steinunn Jakobsdóttir, Arnþrúður Aspelund, Kristín Magnúsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir, Martha Árnadóttir, Guðrún Geirdal, Íslaug R. Aðalsteinsdóttir, Nílsína Þ. Larsen, Elísabet Samúelsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Þriðja röð f.v.: Sigurður Jónsson, Ólafur Magnússon, Jóel Þórðarson, Tómas Árni Jónasson, Ingvar Jónasson, Jónas Magnússon, Sigurjón Sigurbjörnsson og Guðmundur Geirdal. Fjórða röð f.v.: Tryggvi Fr. Tryggvason, Jón Hjörtur Finnbjarnarson, Óskar Halldórsson, Guðmundur Bjarnason, Sigurður Kristjánsson og Friðrik Jónasson. Ljósm. M. Simson.

VESTURLAND

Afmælis-hljómleika

heldur Sunnukórinn 25. þ. m. Minnist kórinn með þessum hljómleikum sólarkomudags okkar Ísfirðinga og fyrsta afmælis síns. Kórinn söng hér 29. f. m. við mjög góðan orðstýr og fjölbreytta verkefnaskrá, en nú verður verkefnaskráin enn fjölbreyttari og með nýstárlegum hætti hér, í tilefni af sólfagnaðinum og afmæli kórsins, þar sem þessi þrjú kórlög verða sungin af kórnum með hljómsveit (strengjahljóðfærum og orgeli): Guð vors lands, lag eftir Sveinbj. Sveinbjörnsson; Lofsöngur, lag eftir Beethoven og Rís heil þú sól, lag eftir Jón Laxdal, en kvæðið eftir Hannes Hafstein, og er eitt af þeim fögru kvæðum, er Hafstein orkti hér á Ísafirði.

Auk þessa eru á söngskránni fjöldi ágætra kórlaga, einsöngur (frk. Sigrún Magnúsd.) og hið fagra samspil zithars og orgels, sem sjaldgæft er að heyra hér á landi.

Þess er vert að geta, að á hljómleikunum spilar Flosi Þórarinsson (Þorsteinssonar gullsm.) á fiðlu. Er hann aðeins 11 ára gamall, og spilar svo vel að undrum sætir.

Starf kórsins fyrir sönglífið í bænum er mikilla þakka vert, og ekki má það minna vera en að bæjarbúar fjölmenni svo á þennan kórsöng, sem húsrúm frekast leyfir.

Kórinn hefir veitt okkur margar yndislegar stundir með söng sínum í kirkjunni, og samsöngvar kórsins eru hvorttveggja í senn holl uppörvun og ódýrustu skemmtanir, sem völ er á í bænum.

Góður söngur lyftir og göfgar hvern óspiltan mann, og 25. þ. m. ætlar kórinn ekki eingöngu að fagna afmæli sínu og sólarkomunni, heldur að syngja sólargleðina í hug okkar og hjörtu.

Frétt sem birtist 19. janúar 1935 í Vesturlandi þegar u.þ.b. eitt ár var liðið frá stofnun Sunnukórsins.

Um hvítasunnuna vorið 1967 fóru Sunnukórinn og Karlakórinn í söngför til Norðurlands. Sungið var í kirkjunni á Húsavík, í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri og í Nýja bíó á Siglufirði.

Sunnukórsfélagar um borð í Gullfossi þegar haldið var í söngför til Noregs vorið 1973.

í 70 ár

1934 – 2004

til kom ekki girt fyrir þann möguleika að veraldleg verk yrðu einnig tekin til flutnings.

Telja verður líklegt að tengsl hafi verið á milli stofnunar Sunnukórsins og stækkunar kirkjunnar samfara kaupum á stærra orgeli. Á bak við þetta allt stóðu sömu menn, einkum Jónas, sr. Sigurgeir og Elías. Væntanlega hefur Jónas verið aðaldriffjöðrin í þessum samhæfðu aðgerðum til eflingar söngstarfinu í kirkjunni og kaupstaðnum yfirleitt.

Fyrsta söngförin

Tíunda verkefni kórsins var svo fyrsta söngför hans. Hún var farin að Flateyri, Núpi og Þingeyri dagana 28.-29. júní 1941, og var Elías J. Pálsson fararstjóri, en Jónas Tómasson að sjálfsögðu söngstjóri. Lagt var upp frá Ísafirði kl. 6 síðdegis í fimm bílum frá Bifreiðastöð Bjarna og ekið yfir Breiðadalsheiði til Flateyrar og sungið í samkomuhúsinu þar fullskipuðu áheyrendum, kl. 9 um kvöldið. Ýmis laganna þurfti að endurtaka. Strax eftir sönginn var haldið áfram í bílunum og komið að Núpi í Dýrafirði um miðnætti, þar beið þá gestanna heitur og góður matur. Þarna fengu allir gistingu. Um morguninn eftir var glaða sólskin, en kl. hálftvö eftir hádegi var sungið í einni af kennslustofum Núpsskóla, og þótti söngurinn hljóma þar mun betur en á Flateyri, segir í ferðasögu Unnar Gísladóttur, ritara kórsins. Áheyrendur voru um 50 og klöppuðu þeir mikið. Síðan var gengið niður að sjó og farið upp í báta, og tók sigling í logni til Þingeyrar um klukkustund. Segir ritari að á Þingeyri hafi verið húsfyllir á söngskemmtuninni, sem hófst kl. 5, enda svo mikill atgangur fólks að ná sér í miða að við slysum hafi legið. Sum lögin varð að endurtaka, einnig voru sungin aukalög. Á eftir var dansleikur, en um kl. 11 um kvöld var lagt af stað til baka yfir Dýrafjörð og svo ekið heim. Á þessum hljómleikum voru sungin 16 verk, sum þau sömu og á tónleikunum 6. júní. Í sópran sungu 10 konur, í alt sjö, tenórar voru fimm en í bassa átta. Einsöngvarar voru fjórir.

Eftir ferðina sendi „þakklátur hlustandi í Mýrahreppi" kórnum mjög lofsamlegt bréf og kr. 100,00 að gjöf.

Bláa kápan

Á stjórnarfundi í kórnum 14. ágúst 1948 var ákveðið að færa upp óperettuna Bláu kápuna eftir Walter Kollins, og tók Sigrún Magnúsdóttir að sér að sjá um uppsetningu leiksins og leika annað helsta hlutverkið, en hitt aðalhlutverkið lék Sigurður Jónsson. Leikendur voru alls 13, og sýningar frá og með frumsýningu 4. nóvember urðu margar, eða tíu talsins. Hinn 21. sept. þetta haust hafði komið alkominn til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni Ragnar H. Ragnar. Hann tók þegar að sér undirleik í Bláu kápunni, og voru margar æfinganna haldnar á heimili hans. Greinilegt er að flutningur óperettunnar hefur mælst mjög vel fyrir. Má líklega segja að kórinn hafi um þetta leyti tekið talsverðan fjörkipp.

Ragnar H. Ragnar tekur við kórnum

Skýr kaflaskipti urðu í sögu Sunnukórsins um 1950, en þá var Ragnar H. Ragnar að koma að kórstjórninni, frú Jóhanna söngkennari hvarf á braut eftir mikið og gott starf, og skipan kjörinnar stjórnar kórsins var breytt nokkuð. Þetta síðastnefnda gerðist með því móti að á aðalfundi kórsins og framhaldsaðalfundi í Gagnfræðaskólanum í nóvember þetta ár var lögum kórsins breytt, og skyldu nú í aðalstjórn vera þrír menn í stað fimm áður, en einnig skyldi kjörin þriggja manna varastjórn. Kjósa skyldi tvo endurskoðendur og einn til vara sem fyrr. Þá tók séra Sigurður Kristjánsson nú við sem formaður stjórnar kórsins.

Ragnar stjórnaði kórnum til 1974, fyrst ásamt Jónasi, en eftir 1961 einn. Mest af þessum tíma var hann í fullu starfi sem söngkennari við Barnaskólann og Gagnfræðaskólann á Ísafirði, en rak einnig hinn nýstofnaða tónlistarskóla. Hann hafði því nóg að gera. Á árunum upp úr 1950 var atvinnuástand á Ísafirði óhagstætt, því að sjávarútvegurinn átti í erfiðleikum vegna aflaskorts og íbúunum fækkaði dálítið árin 1950-56. Skoða verður hag Sunnukórsins þessi ár með þetta allt í huga. Starfsemin var mismikil frá ári til árs.

Hljómplatan „Í faðmi fjalla blárra" sem Sunnukórinn og Karlakór Ísafjarðar létu gera 1968 í tilefni sjötugsafmælis Ragnars H. Ragnars.

Dagskrá fyrir útvarpið

Á Ísafirði var tekin upp á segulband dagskrá dagana 15. og 16. desember 1952 og flutt í Ríkisútvarpinu á afmælisdegi kórsins 25. janúar 1953. Þar kom fyrst ávarp formanns kórsins, sr. Sigurðar Kristjánssonar, erindi flutti Haraldur Leósson, lesin voru upp ljóð, Ingvar Jónasson lék á fiðlu, karlakvartett söng, Sigurður Jónsson söng einsöng, Sunnukórinn, Karlakórinn og sérstakur kvennakór sungu, en Ragnar stjórnaði þeim öllum. Að lokum lék danshljómsveit Vilbergs Vilbergssonar. Fyrir flutning þessa efnis greiddi útvarpið kr. 2.500, og virðist helmingur þeirrar upphæðar hafa runnið beint til Sunnukórsins. Þá fluttu fjórir kórfélagar leikritið „Nei" kórinn þegar forsetahjónin, Ásgeir Ásgeirsson og Dóra Þórhallsdóttir, heimsóttu bæinn í júlí 1953, en Jónas stjórnaði þá kórnum í fjarveru Ragnars.

Viðburðarrík ár

Nú fóru í hönd óvenjulega viðburðarík ár í sögu kórsins. Árið 1966 var haldið rækilega upp á 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar og kom Sunnukórinn mikið við sögu hátíðahaldanna. Árshátíð kórsins fór fyrst fram með venjulegu sniði, nú hinn 22. janúar. Á hátíðarfundi bæjarstjórnar vegna aldarafmælisins 26. janúar söng kórinn þrjú lög undir stjórn Ragnars H. Ragnar og Jónasar Tómassonar. Síðan söng kórinn fjögur lög laugardaginn 29. janúar á skemmtun sem haldin var í Alþýðuhúsinu í tilefni af afmælinu, en að henni stóðu, auk Sunnukórsins, Karlakór Ísafjarðar, Lúðrasveit Ísafjarðar og Leikfélag Ísafjarðar. Einnig kom kórinn fram í útvarpsþætti sem tekinn var upp í tilefni afmælisins og útvarpað 26. janúar.

Þá var haldið upp á 85 ára afmæli Jónasar Tómassonar með flutningi lagaflokksins „Strengleika" eftir hann. Lögin voru gerð við 21 ljóð af alls 30 í ljóðaflokki Guðmundar Guðmundssonar, skólaskálds, sem um skeið hafði búið á Ísafirði. Lagaflokkurinn var fluttur dagana 7. og 8. mars í Alþýðuhúsinu, undir stjórn Ragnars H. Ragnar, einsöngvarar voru Guðmundur Guðjónsson og Sigurveig Hjaltested, en við píanóið Ólafur Vignir Albertsson og Sigríður Ragnarsdóttir. Í aðalfundargerð er talið að flutning Strengleikanna hafi borið hæst af viðfangsefnum kórsins á árinu. Í samtíma blaðafregn er haft eftir Jónasi Tómassyni að hann hafi haft Strengleikana í smíðum í nærfellt 50 ár. Forseti bæjarstjórnar sagði í ávarpi að þetta væri rismesta og stórbrotnasta tónverk sem flutt hefði verið á Ísafirði. Hið aldna tónskáld tók einnig til máls og þakkaði fyrir sér sýndan heiður.

Sungið á Norðurlandi 1967

Um hvítasunnuna vorið 1967 fóru Sunnukórinn og Karlakórinn í söngför til Norðurlands með strandferðaskipinu *Esju* í góðu veðri, og var sjór alltaf sléttur. Sungið var í kirkjunni á Húsavík, í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri og í Nýja bíó á Siglufirði. Söngstjóri var Ragnar H. Ragnar, en Hjálmar H. Ragnarsson lék á píanóið. Einsöng sungu Gunnlaugur Jónasson, Gunnar Jónsson, Herdís E. Jónsdóttir og Margrét Finnbjarnardóttir. Aðsókn var fádæma góð og móttökur framúrskarandi. Öll var ferðin hin ánægjulegasta, og ekki skaðaði að af henni varð þó nokkur hagnaður, eða um 22 þús. krónur.

Dagana 2. og 3. sept. 1967 fór kirkjukórinn ásamt sóknarprestinum í messuferð til Reykhóla. Kórinn hlaut almennt lof fyrir sönginn. Ferðin þótti fremur erfið en þó ánægjuleg.

„Í faðmi fjalla blárra"

Á aðalfundi 12. nóvember 1967 var farið að ræða um að halda til Reykjavíkur og taka söng kórsins upp á plötu og leist flestum vel á það. Þennan vetur var haldin árshátíð kórsins að venju, hún var 29. janúar 1968 og hagnaður einhver. Þá söng kórinn á útisamkomu 17. júní eins og venjulega, segir í fundargerðabók. En aðalviðburðir ársins eru þá ónefndir. Dagana 9. og 10. apríl héldu Karlakórinn og Sunnukórinn hljómleika í Alþýðuhúsinu, undir stjórn Ragnars, en Ingvar Jónasson lék einleik á víólu. Á hljómleikunum voru tveir lagaflokkar helgaðir minningu Jónasar Tómassonar, sem andast hafði haustið áður.

Síðan kom Sigurður D. Franzson og æfði söngfólkið í hálfan annan mánuð fyrir hina umræddu suðurferð. Suðurferðin fór þannig fram, að farið var fljúgandi frá Ísafirði miðvikudag 5. júní. Næsta dag var haldin söngskemmtun í Keflavík, hún var vel sótt og undirtektir sérlega góðar. Kvennakór og Karlakór Keflavíkur buðu svo öllu söngfólkinu til kaffidrykkju af mikilli rausn. Föstudag 7. júní var samsöngur í Gamla bíó í Reykjavík, húsið var þétt setið og undirtektir þóttu með afbrigðum góðar, sem ýtti undir hressilegan anda í kórunum. Í þeim voru við þetta tækifæri 33 kvenraddir og sömuleiðis 33 karlaraddir. Ragnar stjórnaði, Hjálmar H. Ragnarsson lék undir á píanó, einsöngvarar voru Herdís Jónsdóttir, Margrét Finnbjörnsdóttir, Gunnlaugur Jónasson, Gunnar Jónsson og loks Guðmundur Guðjónsson, sem kom sérstaklega til liðs við kórinn í suðurferðinni.

Af góðum og hressilegum anda í kórunum veitti ekki, því að næstu tvo daga, 8. og 9. júní, fóru fram upptökur í útvarpssal. Með þeim lauk suðurferðinni og flogið var „heim aftur eftir dálítið erfiða en skemmtilega ferð." Úr upptökunni í útvarpinu voru valin lög á hljómplötu, sem fékk heitið „Í faðmi fjalla blárra", og var gert ráð fyrir að kórarnir tækju sjálfir til sölu 500 eintök af henni. Stjórnir kóranna ákváðu að ágóði sem af plötunni kynni að verða skyldi renna til Ragnars H. Ragnar. Á aðalfundi 1969 kom fram að sala plötunnar hefði gengið vel.

Siglt með Gullfossi í söngferð til Noregs

Á aðalfundi kórsins haustið 1971 kvaddi sér hljóðs Ólafur Þórðarson varaformaður stjórnar og lagði til að kórinn tæki sér ferð á hendur, t.d. til Noregs. Þetta mál var síðan mikið rætt á ýmsum fundum. Nokkurt fé var í ferðasjóði. Niðurstaðan varð sú að verulegur áhugi reyndist vera hjá kórfélögum fyrir málinu. Ferðin var farin vorið 1973, og var þetta fyrsta utanför kórsins. Hinn 30. maí renndi *Gullfoss* að bryggju á Ísafirði og tók um borð 47 kórfélaga ásamt mökum og fleirum, alls 105 manns. Eftir siglingu norður fyrir Ísland í tvo og hálfan sólarhring var komið að bryggju í Niðarósi, þar greiddi m.a. Ísfirðingurinn Kristján P. Kristjánsson verkfræðingur götu gestanna. Í Niðarósi voru haldnir tónleikar. Síðan var siglt með *Gullfossi* suður með Noregsströnd, komið við í Björgvin og Stafangri, en einkum var förinni heitið til Túnsbergs, vinabæjar Ísafjarðar. Þar var staldrað við 6.-10. júní, haldnir tónleikar í svonefndum Teie-sal og einnig söng kórinn tvö sálmalög við hvítasunnumessu í dómkirkjunni í Túnsbergi, auk þess sem nágrennið var skoðað og meira að segja skroppið til Osló 8. júní og sungið þar. Á heimleið 12. júní kom kórinn við í Þórshöfn í Færeyjum, þar var sungið fyrir fullu húsi og móttökur sérlega góðar. Gunnlaugur Jónasson telur að það hafi verið best heppnuðu tónleikar ferðarinnar. Aðeins íslensk lög voru á söngskránni. Með kórnum sungu einsöng Martha Árnadóttir, Sigurður Jónsson og Hanna Bjarnadóttir, undirleikari var Hólmfríður Sigurðardóttir, en Anna Áslaug Ragnarsdóttir var með sem einleikari á píanó og lék verk eftir Pál Ísólfsson og Leif Þórarinsson. Stjórnandi var Ragnar H. Ragnar.

Á aðalfundi kórsins fyrir árið 1973 sem var haldinn 13. janúar 1974 kom fram í máli gjaldkera, Gunnlaugs Jónassonar, að vegna Noregsferðar hefði verið tekinn víxill að upphæð kr. 160.000, en hann væri nú kominn niður í kr. 100.000, auk þess væru í sjóði

Ragnar H. Ragnar með Sunnukórinn 1968.

Sunnukórinn í kringum 1980. Fyrir framan eru Jónas Tómasson, stjórnandi, Sigríður Ragnarsdóttir og Vilberg Viggósson.

Vestfirðingarnir sóla sig við Balaton-vatnið í Ungverjalandi.

um kr. 30.000. Fram kom að Ragnar H. Ragnar hefði nú sagt af sér söngstjórn, en gæfi þó kost á að æfa söng undir árshátíð kórsins, ef æfingar yrðu vel sóttar og „fólk gerði þetta með gleði“. Ragnari voru þá færðar þakkir fyrir mikil og farsæl störf í þágu kórsins.

Uppgangstímar

Eftir tilkomu Menntaskólans á Ísafirði 1970 varð fljótlega minna en áður um að ungt fólk 16-20 ára gamalt færi burt úr kaupstaðnum yfir veturinn, og gat það því verið tiltækt í kórinn. Þá var um þetta leyti verulegur uppgangur í atvinnumálum á Vestfjörðum, og var í því sambandi oft talað um „skuttogaratímann“. Íbúum í landshlutanum fækkaði ekki á milli 1970 og 1985. Menningarlífið naut órugglega góðs af þessum uppgangi.

Á aðalfundi kórsins 8. janúar 1975 tók Ásgeir Sigurðsson frá Bæjum við sem kórformaður og gegndi því starfi í sjö ár. - Á sama fundi sagði Gunnlaugur Jónasson að hann hefði spurt Hjálmar Ragnarsson hvort hann gæti tekið að sér stjórn kórsins. Síðar í sama mánuði var Hjálmar ráðinn í starfið. Hann stjórnaði síðan söng við mikla hrifningu á árshátíð kórsins 25. janúar. Á þeirri hátíð talaði Ragnar H. Ragnar fyrir minni kvenna af minnisstæðri snilld. Á föstudaginn langa var árleg söngdagskrá flutt í Ísafjarðarkirkju og söng Sunnukórinn sex sálmalög en auk þess komu þar fram tíu ungir hljóðfæraleikarar og léku saman verk eftir A. Corelli, J.S. Bach, H. Berlioz og J. Haydn. Hjálmar H. Ragnarsson stjórnaði kórnum. Hanna Bjarnadóttir söngkona kenndi kórfélögum þetta vor söng frá 14. apríl til 3. maí. Síðan voru haldnir tónleikar í Alþýðuhúsinu á Ísafirði 21. og 23. maí og 7. júní, í Bolungarvík 2. maí, á Suðureyri 6. júní og á Þingeyri 8. júní. Þetta var óvenjulega umfangsmikil tónleikaröð, og seldust alls um 350 aðgöngumiðar. Undirleik á píanó annaðist Hólmfríður Sigurðardóttir. Einnig fór fram samleikur á nokkur hljóðfæri, þar sem fram komu Sigríður Ragnarsdóttir, Jónas Tómasson (yngri), sr. Gunnar Björnsson, Jakob Hallgrímsson og Hjálmar H. Ragnarsson, sem einnig var söngstjóri. Í sópraninum var við þessi tækifæri 21 kona en í altinum voru 16; tenórar voru 10 en í bassa níu.

Sunnukórinn staddur í miðborg Búdapest sumarið 1988.

Kirkjuleg tónverk í fyrirrúmi

Um haustið sagði Kjartan Sigurjónsson af sér sem stjórnandi Sunnukórs. Í stað hans tókst skjótt að ráða Jónas Tómasson yngra. Á aðalfundinum var mjög rætt um að afla þyrfti nýrra kórfélaga, enda taldi Gunnlaugur Jónasson að meirihluti félaganna væri búinn að syngja í kórnum yfir tuttugu ár. Á aðalfundi árið eftir vék Elísabet Agnarsdóttir að sama vandamáli, hún skoraði einkum á karlmennina að gera eitthvað í málinu. Reynir Ingason sagði á sama fundi að ungt fólk sem hefði komið til liðs við kórinn teldi lög sem kórinn æfði vera nokkuð þung.

Aðalverkefni ársins 1979 var flutningur verksins „Sjö orð Krists á krossinum“, þ.e. tilbrigði við stef eftir J.S. Bach með niðurlagi Mattheusarpassíu, eftir Jónas Tómasson (yngra), bæði á kirkjukvöldi á föstudaginn langa og á prestastefnu Íslands, sem haldin var á Ísafirði snemmsumars. Á kirkjukvöldinu flutti ávarp kirkjumálaráðherrann, Steingrímur Hermannsson.

Á föstudaginn langa 1980 söng kórinn fjögur verk á kirkjukvöldi í Ísafjarðarkirkju, nú undir stjórn Kjartans Sigurjónssonar organista. M.a. var flutt Laudate dominum eftir Mozart, Elín Sigurvinsdóttir söng einsöng. Sr. Gunnar Björnsson lék m.a. einleik á selló. Einnig fóru þetta vor fram hljómleikar í Alþýðuhúsinu, þar sem kórinn söng um 20 innlend og erlend lög, en einnig léku hjónin Sigríður Ragnarsdóttir og Jónas Tómasson saman á píanó og flautu. Þá var farið til Flateyrar og Suðureyrar og sungið þar.

Sunnukórinn hættir að vera kirkjukór

Á aðalfundi haustið 1980 voru 32 kórfélagar, óvenju margir. Þar sagði Kjartan Sigurjónsson að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum með það að erfitt væri að fá fólk til kirkjusöngs, og lagði til að ákveðinn hópur úr kórnum tæki að sér að sjá um söng í kirkjunni. Geirþrúður Charlesdóttir taldi að meiri samvinna þyrfti að vera á milli organista, stjórnar kórsins og söngstjóra. Gunnlaugur Jónasson taldi að organista bæri að ráða sér söngfólk til starfa í kirkjunni.

Á fundi með stjórn Sunnukórsins 8. janúar 1982 lagði Kjartan Sigurjónsson organisti fram óskir um að mega stofna sinn eigin kór til söngs í Ísafjarðarkirkju án þess að vera bundinn af lögum Sunnukórsins. Þetta mál var síðan talsvert rætt á aðalfundi kórsins fjórum dögum síðar, 12. janúar. Þar var samþykkt „að lýsa því yfir við Kjartan Sigurjónsson organista að fundurinn (liti) svo á að hann hafi frjálst val um fólk til söngs í Ísafjarðarkirkju, ennfremur að Sunnukórinn sé reiðubúinn til samstarfs.“ Jafnframt var þó ákveðið að breyta ekki lögum kórsins, þ.e. haldið skyldi ákvæðinu um að kórinn væri stofnaður til að sjá um söng í kirkjunni. Á fundinum kom fram að fólk teldi að vegna kirkjusöngs væri að þróast skipting í tvo kóra. Svo varð.

Hefðbundin verkefni

Haustið 1985 sagði Jónas Tómasson (yngri), af sér sem kórstjóri. Í hans stað var ráðin Margrét Bóasdóttir söngkona, sem stjórnaði síðan kórnum í einn vetur. Starfsárið 1985-86 söng kórinn samtals átta sinnum undir stjórn Margrétar. Tekið var upp samstarf við Kirkjukór Ísafjarðar bæði á aðventu, á föstudaginn langa og á vorhljómleikum, og gekk það vel. Aðsókn virðist hafa verið góð, en talsverður kostnaður við síðastnefndu tónleikana. Nefna má, að á kirkjukvöldinu á föstudaginn langa 28. mars 1986 var m.a. flutt sálmalag úr Mattheusarpassíu J.S. Bachs og sálumessa eftir G. Fauré, og söng Margrét Bóasdóttir einsöng.



Skemmtiatriði æfð fyrir Sunnukórsball á 60 ára afmæli kórsins 1994.

Sinfóníuhljómsveitin Íslands og Sunnukórinn á afmælistónleikum í íþróttahúsinu Torfnesi 21. júní 1994.

Haustið 1986 fluttist Margrét Bóasdóttir burt frá Ísafirði ásamt manni sínum, og var þá nýráðinn organisti Ísafjarðarkirkju, Beáta Joó frá Szeged í suðurhluta Ungverjalands, einnig ráðin sem stjórnandi Sunnukórsins, enda hafði hún m.a. stundað háskólanám í kórstjórn. Árið 1986-87 var starfið áfram tiltölulega hefðbundið. Strax í október hóf Beáta að æfa kórinn, og var sungið á aðventukvöldi, við torgsölu og á dvalarheimilinu Hlíf, einnig við jólatréð á Austurvelli. Afmælishátíð kórsins í janúar var á sínum stað, svo og kirkjukvöld á föstudaginn langa. Að lokum voru æfð lög sem sungin voru á svonefndri M-hátíð á vegum menntamálaráðherra, sem fór fram á Ísafirði í júní, og var þar m.a. frumflutt lag Jónasar Tómassonar við ljóð Hannesar Péturssonar, „Söngvar til jarðarinnar“.

Ferðin til Ungverjalands 1988

Næsta starfsár var með þeim eftirminnilegustu í sögu kórsins. Fimm fyrstu liðir söngstarfseminnar voru endurtekning ársins á undan. Þá fóru fram vorhljómleikar kórsins í sal Grunnskólans á Ísafirði 18. maí 1988 undir stjórn söngstjórans, en einsöngvari var Margrét Bóasdóttir og undirleikari Anna Áslaug Ragnarsdóttir, sem einnig lék einleik á píanó. Aðallega voru flutt íslensk lög, en í viðbót þó þrjú slóvakísk þjóðlög útsett af Ungverjanum Béla Bartók. Þá söng kórinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem kom í heimsókn, bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Hinn 9. júní söng kórinn í Skálholtskirkju, en í beinu framhaldi af því hélt hann til Ungverjalands. Hugmyndin að ferðinni kom frá Beátu Joó. Gert var samkomulag um gagnkvæmar heimsóknir við menntaskóla einn í Szeged þar sem faðir Beátu var tónlistarkennari og söngstjóri. Lofuðu forráðamenn skólans að greiða götu Sunnukórsins í Ungverjalandi ef Ísfirðingar veittu kórfólki þaðan sömu fyrirgreiðslu. Ferðin tók 14 daga, og var flogið frá Keflavíkurflugvelli til Luxemburg og síðan ekið um Þýskaland og Austurríki. Þetta var öðrum þræði skemmtiferð fyrir maka kórfélaga og gesti, og voru þátttakendur í henni 74, þar af sungu í kórnum 30 konur og 12 karlar, einsöngvari var Margrét Bóasdóttir og undirleikari Anna Áslaug Ragnarsdóttir, sem tekin var með í München. Ýmis ævintýri gerðust, enda var þetta áður en járntjaldið féll. T.d. gekk mjög illa að fá vegabréf Beátu stimplað í Luxemburg. Á landamærum Austurríkis og Ungverjalands urðu einnig tafir vegna þess að bílstjóri hópsins var ekki með gilt vegabréf. Hópurinn var í fjóra daga í Szeged og söng þar í 700 manna tónleikasal ásamt stúlknakór sem faðir Beótu stjórnaði. Í Búdapest var einnig verið í fjóra daga og sungið í stórri kaþólskri kirkju, þar sem hljómburður var frábær. „Þegar við vorum búin var okkur boðið á prestsetrið. Þar gaf hann (líkl. presturinn) okkur öllum hvítvín, og litlar sætar kerlingar komu með kringlur og saltkex“, segir í frásögn kórfélaga eftir á. Eftir Búdapestdvölina voru hinir íslensku ferðalangar í fjóra daga við Balaton-vatnið, sem er stærsta stöðuvatn í Mið-Evrópu. Á nesi sem gengur út í vatnið hélt kórinn þriðju og síðustu tónleika sína í ferðinni í mjög fornfrægri kirkju eða kapellu. Undirtektir hinna ungversku áheyrenda voru ætíð góðar. Söngskrain var að mestu hin sama og á vorhljómleikunum á Ísafirði 18. maí. Þátttakendur voru mjög ánægðir með þessa skemmtilegu ferð, enda tókst þeim að sjá margt af því athyglisverðasta sem Ungverjaland og ungversk menning hefur upp á að bjóða.

Fjölbreytt verkefni síðustu ár

Haustið 1996 lét Iwona Kutyla af stjórn kórsins, en við tók Margrét Geirsdóttir. Undirleikari kórsins var eftir sem áður Sigríður Ragnarsdóttir. Þetta haust tók kórinn þátt í kóramóti í Ísafjarðarkirkju, sem Haukur Guðlaugsson söngmálastjóri og Ingveldur Hjaltested stóðu fyrir. Mótinu lauk með tónleikum. Hinn 22. nóvember sama haust stóðu kórinn og Tónlistarfélag Ísafjarðar fyrir samkomu í Frímúrarasalnum í tilefni af 50 ára afmæli Jónasar Tómassonar yngra, tónskálds og áður stjórnanda kórsins. M.a. söng kórinn þá tvö lög úr „Mold og dagar“ eftir Jónas.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna kom aftur vestur vorið 1997 og flutti, ásamt einsöngvurum, Sunnukór og kirkjukórsfélögum, messu eftir Franz Schubert í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 20. apríl, og var flutningurinn endurtekinn í Langholtskirkju í Reykjavík viku síðar.

Hinn 24. október 1997 kom Sunnukórinn fram ásamt öðrum á tónleikum í Ísafjarðarkirkju, þar sem eingöngu voru flutt lög eftir Sigvalda Kaldalóns. Snemma árs 1998 fór að venju fram Sunnukórsball, og gerði þá Elísabet Indra Ragnarsdóttir, sem kenndi þennan vetur á Ísafirði, þátt um kórinn og sólarkaffið, og var hann fluttur í útvarpi. Hinn 21. maí um vorið hélt kórinn hljómleika í Ísafjarðarkirkju og endurtók þá degi síðar í félagsheimilinu á Þingeyri. Þá voru m.a. sungnir Polovetskir dansar eftir Borodin, útsettir fyrir kór og píanó (fjórhent) af Hjálmari H. Ragnarssyni og Jónasi Tómassyni. Kórinn hafði áður flutt verkið 1976, eins og nefnt er hér að framan. Verkið flutti kórinn enn 26. september 1998 þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands kom vestur og haldnir voru í Íþróttahúsinu á Ísafirði minningartónleikar um Ragnar H. Ragnar og Sigríði konu hans í tilefni af 100 ára afmæli hans, og var menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, þá meðal viðstaddra. Að loknum hljómleikunum var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum sal við Tónlistarskóla Ísafjarðar, og söng kórinn einnig þar.

Kórfélagar staddir skammt undan Hoffellsjökli eftir að hafa sungið á Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði helgina 26. – 28. maí 2000.

Á slóðum Vestur-Íslendinga í Bandaríkjunum og Kanada

Undirbúningur þessarar miklu ferðar, þriðju utanferðarinnar í sögu kórsins, hafði staðið lengi en sérstök ferðanefnd var sett á laggirnar til að sjá um undirbúning og skipulagningu ferðarinnar. Lagt var af stað 7. júní og flogið með Flugleiðum frá Keflavík beint til Minneapolis í Bandaríkjunum. Sunnudaginn 9. júní var sungið við messu þar í borg, og einnig haldnir tónleikar á sama stað. Næst var sungið 11. júní í kirkju í Gardar í N.-Dakota, en einnig á elliheimilinu Borg í Mountain. Þar hittu kórfélagar þó nokkra sem Ragnar H. hafði kennt um 1947. Hinn 12. júní var ekið norður yfir landamærin til Kanada. Þar voru tónleikar í Gimli og einnig á elliheimilinu Betel. Á elliheimilunum vildu gömlu konurnar heyra íslensku. Hinn 16. júní voru haldnir tónleikar í Winnipeg, og daginn eftir var sungið þar tvisvar, fyrst við formleg hátíðahöld vegna þjóðhátíðardags Íslendinga, svo við móttöku í Scandinavian Center. Hinn 18. júní var ekið til baka til Minneapolis og síðan flogið heim. Fararstjóri var Kent Lárus Björnsson, sem upp var alinn í Árborg nærri Winnipeg. Stjórnandi kórsins var Margrét Geirsdóttir, einsöngvari Ingunn Ósk Sturludóttir, og undirleikarar voru Sigríður Ragnarsdóttir, Baldur Geirmundsson og Samúel Einarsson. Á dagskrá í ferðinni voru 18 lög, öll íslensk nema þrjú. Þrjátíu manns sungu í kórnum í ferðinni, þar af 11 karlar. Ferðin var farin til minningar um hjónin Ragnar H. Ragnar og frú Sigríði Jónsdóttur.

Sunnukórinn, makar og aðrir ferðafélagar á tröppum ráðhússins í Winnipeg 17. júní 2002.

Sunnukórinn syngur söngkveðju til Reykjavíkur í kaffisamsæti í samkomusal Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík.

Haustið 1945 hélt Sunnukórinn í viðburðaríka söngför til Reykjavíkur

„Fögnuður áheyrenda var gífurlegur“

Blómlegt starf einkenndi Sunnukórinn þegar hann fagnaði tíu ára afmæli sínu árið 1944 og sífellt var tekist á við umfangsmeiri verkefni. Eftir annasamt afmælisár þar sem m.a. var sýndur fyrsti þátturinn úr *Meyjarskemmunni* eftir Schubert, var mikill áhugi fyrir því að leggja land undir fót og syngja fyrir aðra landsmenn. Ekki varð þó úr ferðinni fyrr en haustið 1945 enda var heimsstyrjöldinni þá lokið og ferðalög erðin hættuminni en verið hafði um skeið. Farið var til Reykjavíkur og tók ferðalagið nítján daga og var víða komið við. Þegar heim var ferðasagan skráð í sérstaka bók og birtist hún hér óbreytt.

Sunnukórinn, Ísafirði, fór fyrstu söngför sína til Reykjavíkur laugardaginn 1. september 1945 með e.s. Esju. Söngstjóri var Jónas Tómasson, en formaður kórsins og fararstjóri var Elías J. Pálsson, kaupmaður, Ísafirði.

Fyrstu hljómleikar kórsins voru fimmtudaginn 6. s.m. Daginn eftir birtist svohljóðandi umsögn í dagbl. *Vísir* eftir Baldur Andrésson:

„Sunnukórinn ísfirzki gistir nú höfuðstaðinn á söngför sinni til Suðurlandsins. Hann hélt fyrstu söngskemmtun sína í gær í Gamla bíó fyrir fullu húsi og við ágætar viðtökur. Var hátíðarblær yfir söngskemmtuninni og meðal gesta voru ýmis stórmenni þessa lands, svo sem ríkisforseti, borgarstjóri og biskup. Samkór Reykjavíkur fagnaði hinum ísfirzku söngbræðrum og söngsystrum með því að syngja lagið „Syngdu gleðinnar óð“ eftir Karl Runólfsson, af veitingasvölunum. Þá bauð formaður Landssambands íslenzkra blandaðra kóra Sunnukórinn velkominn, en fararstjóri þakkaði fyrir kórsins hönd. Síðan hófst söngurinn eftir söngskránni.

Hér verður ekki rakin saga kórsins, því hún hefir verið sögð undanfarna daga í dagblöðunum og vikublöðunum. En það má heita nýlunda, að blandaðir kórar eru í seinni tíð farnir að sækja höfuðstaðinn heim með söng sínum, því áhuginn hefir til skamms tíma verið allur á karlakórssöng hjá landsmönnum. Því fer fjarri, að ég ætli nú að nota tækifærið til að hnýta í karlakórana, því ég lít svo á, að allar listgreinar eigi rétt á sér og verðskuldi, að rækt sé lögð við þær, og karlakórslögin mörg eru veigamiklar og merkilegar tónsmíðar, þó þær bókmenntir séu að vöxtum aðeins brot af því, sem samið hefir verið fyrir blandaða kóra. En sem sagt, þá hefir til skamms tíma blandaður kórsöngur orðið útundan hjá okkur af einhverjum ástæðum og hafa margir slíkir kórar átt erfitt uppdráttar og skamma lífdaga og þannig hefir það að minnsta kosti verið hér í Reykjavík þar til fyrir nokkrum árum, að hver blandaði kórinn af öðrum hefir komið fram og dafnað vel undir handleiðslu hæfileikamanna. Sunnukórinn mun vera einhver elzti blandaði kórinn á landinu og hefir ávallt notið söngstjórnar sama mannsins. Ber þetta söngstjóranum fagurt vitni, því til þess að kór geti lifað og lognist ekki út af aftur, þarf söngstjórinn að vera áhugamaður og hafa persónu, sem sameinar menn utan um sig.

Á söngskránni voru íslenzk og erlend sönglög, sem öll áttu það sameiginlegt að vera við alþýðuskap og frá rómantízku listastefnunni runnin, en hér hjá almenningi er jarðvegurinn ruddur fyrir slík lög. Hér verða lögin ekki talin, en geta vil ég þess, að söngstjórinn hafði búið nokkur þeirra í búning fyrir blandaðan kór og gert það með prýði, og vil ég sérstaklega vitna í „Gígjuna“ eftir Sigfús Einarsson og „Vorljóð“ eftir Mendelsohn, en það lag er upphaflega samið fyrir píanóleik eingöngu. (Úr „Lieder ohne Worte“)

Sunnukórinn er skipaður um 30 manns. Eru kvennaraddirnar betri hluti kórsins, því þær eru bjartar, mjúkar og sveigjanlegar, en tenórraddirnar eru litdaufar og bassaraddirnar hvorki hljómmiklar né núgo þungar. Kórinn er fagur í veikum söng sérstaklega, en í sterkum söng er frískleiki karlmannaraddanna minni, en æskilegt væri. Innan takmarka þess sviðs, sem kórinn er sérstaklega heima á, sungust lögin vel, en þau voru flest valin með hliðsjón af getu hans. Þessi takmörk kórsins komu einna skýrast fram í Pílagrímssöngnum eftir Wagner. Hann hefði ég fremur kosið sunginn með meiri breidd og alvöruþunga, svo að sú tign, sem í tónunum býr, hefði komið fram. En smálögin aftur á móti, voru mjög laglega sungin, eins og áður er tekið fram. Einsöngvarar voru í þetta sinn þau Margrét Finnbjarnard., Tryggvi Fr. Tryggvason, Jón Hjörtur Finnbjarnarson og Jóhanna Johnsen. Frú Jóhanna er lærð söngkona og gerði sínu hlutverki góð skil, sem var allerfitt. Um hin er það að segja, að þau fóru mjög laglega með sín hlutverk, eftir því, sem efni stóðu til.

Jónas Tómasson tónsk. er söngstjóri kórsins. Hann er landskunnur fyrir sönglög sín og fyrir það, að hafa verið lífin og sálin í sönglífi Ísafjarðar í nokkra áratugi, síðan Jón Laxdal hvarf þaðan á brott. Er söngstjórn hans smekkvís og músiklöslk og oft með ágætum. Það má segja honum til lofs, að jafnvel einnig þar, sem gætti ýmsra takmarka á söngnum frá kórsins hálfu, þá var samt ávallt söngurinn lifandi eða lífi og andi, en ekki dauður bókstafur. Þess vegna var bragð að söngnum og þess vegna höfðu menn líka gaman af því að hlusta á hann.

Áheyrendur létu óspart fögnuð sinn í ljós og bárust blómvendirnir hver af öðrum upp á söngpallinn, svo að flygillinn stóri varð allur þakinn blómum. Kórinn varð að syngja mörg aukalög.

Dr. von Urbantschitsch lék undir í söngnum í mörgum lögum af snilld.“

Aðrir hljómleikar kórsins voru föstud. 7. s.m. og var þá einnig fullt hús, viðtökur jafn ágætar og blómagjafir til söngstjóra og einsöngvara engu minni en fyrra kvöldið. Eftir þessa hljómleika var kórinn í boði heima hjá biskupi landsins, hr. Sigurgeiri Sigurðssyni, en hann var helzti hvatamaður að stofnun kórsins, og eru þau hjónin heiðursfélagar. Voru þar fluttar margar ræður og kvöldið hið ánægjulegasta.

Sunnudaginn 9. var svo sungið í Hafnarfirði og heimleiðinni þaðan á Vífilsstöðum.

Þriðjudaginn 11. voru haldnir kirkjuhljómleikar í Dómkirkjunni. Um þá hljómleika skrifaði Baldur Andrésson einnig lofsamleg ummæli í dagbl. *Vísi*, sem út kom mánud. 17. s.m..

Næsta dag var sungið á plötur í Ríkisútvarpinu mikið af verkefnum kórsins.

Fimmtudaginn 13. var farið til Þingvalla í boði bæjarstjórnar Reykjavíkur og á heimleiðinni þaðan voru haldnir hljómleikar á Selfossi.

Sunnudaginn eftir hafði verið ákveðið að fara upp á Akranes og syngja þar, en það reyndist óframkvæmanlegt.

Var svo farið heim með Esju miðvikudaginn 19. september og fluttir kirkjuhljómleikar á Ísafirði næsta dag og almennir hljómleikar á laugardag. Á eftir var svo samsæti til heiðurs okkar ágæta aðstoðarmanni, dr. von Urbantschitsch, en hann hafði fylgt okkur heim, til að gera okkur þann greiða að leika undir við hljómleikana einnig hér á Ísafirði.

Blaðadómar um hljómleika kórsins í Reykjavík voru mjög í sama anda og fram kom í dómi Vísis hér að framan. T.d. segir Róbert Abraham í *Morgunblaðinu* 20.9.´45:

„... Sunnukórinn frá Ísafirði hélt þrjá hljómleika hér í Reykjavík. Tveir þeirra voru almenns eðlis, en hinir síðustu voru helgaðir kirkjutónlist, og fóru þeir fram í dómkirkjunni. Söngstjóri kórsins er Jónas Tómasson, en dr. Urbantschitsch aðstoðaði með undirleik.

Það skal strax tekið fram, að fáir - ef nokkrir - kórar hér á landi munu geta flutt eins fagran píanósöng og Sunnukórinn frá Ísafirði. Í forte-söng reyndist hljómurinn víða nokkuð gisinn og litvana og skorti einkum bassana þá fyllingu, sem æskileg hefði verið á stóku stað. Tónmyndin var einkar samfelld og laus við ofreynslu, enda raddirnar óvenju þýðar, og mun kennsla Sigurðar Birkis og frú Jóhönnu Johnsen hafa átt sinn þátt í hinni ágætu þjálfun söngfólksins. Hæfileiki frú Jóhönnu til að veita kvennaröddum hinn eftirsótta höfuð-resonanz mun sjaldgæfur hér á landi og væri mikill fengur að fá frúna suður til lengri dvalar og tilsagnar á vegum Landssambands blandaðra kóra.

Söngskráin var fjölbreytileg mjög, en sneiddi þó fram hjá mörgum erfiðum viðfangsefnum. Sum laganna voru klædd nýjum búningi, og má þar nefna raddsetningar söngstjórans: „Ave María“ eftir Cesar Frank, „Vorljóð“ Mendelsohns og „Gígjan“ eftir Sigfús Einarsson, sem vakti mikla hrifningu meðal áheyrenda. Um lagið „Næturbæn“ eftir Beethoven, sem er, sem kunnugt, kafli úr sónötu op. 57, má hinsvegar segja: „Gjaldið Beethoven það, sem Beethovens er...“, þ.e.a.s. flytjið kórsöngva hans sem kórsöngva, en píanóverk hans sem píanóverk. - (Þess skal getið, að hið vinsæla vöggu-

Veislugestir í kaffisamsæti sem Reykjavíkurkórarnir héldu Sunnukórnum í samkomusal Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík.

Veislugestir í kaffisamsæti sem Reykjavíkurkórarnir héldu Sunnukórnum í samkomusal Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík.

166 SKUTULL

Sunnukórinn fór hina mestu frægðarför.

Hélt tvívegis almenna hljómleika í Gamlabíó fyrir fullu húsi og síðan kirkjuhljómleika í Dómkirkjunni.

Að endingu söng hann í útvarpið.

Forseti Íslands, biskupinn yfir Íslandi og borgarstjórinn í Reykjavík voru meðal áheyrenda kórsins á fyrstu almennu hljómleikunum í höfuðborginni. Var söng hans tekið með fádæmum vel, og varð flygelið í Gamlabíó alþakið blómvöndum og blómakörfum, sem kórnum bárust.

Söngstjóri var Jónas Tómasson tónskáld, en fararstjóri Elías J. Pálsson, formaður kórsins.

Doktor Victor von Urbantschitsch annaðist allan undirleik fyrir kórinn, en einsöngvarar hans voru: Frú Jóhanna Johnsen, frú Margrét Finnbjarnardóttir, herra Jón Hjörtur Finnbjarnarson og herra Tryggvi Fr. Tryggvason.

Stjórn Sunnukórsins skipa nú auk formannsins, Elías J. Pálssonar, þau frú Margrét Finnbjarnardóttir, Ólafur Magnússon skrifstofustjóri, Páll Jónsson kaupmaður og séra Sigurður Kristjánsson sóknarprestur.

Sunnukórinn var stofnaður árið 1934 hinn 25. janúar, en þann dag sér fyrst sól á Ísafirði á vetri hverjum eftir langt sólvana skammdegi. Þetta varð til að gefa kórnum nafn (sunna = sól).

Aðalhvatamenn að stofnun kórsins voru Sigurgeir Sigurðsson biskup, þá sóknarprestur Ísfirðinga, og organisti Ísafjarðar-kirkju, Jónas Tómasson tónskáld. Var séra Sigurgeir formaður kórsins allt frá stofnun hans þar til hann fluttist til Reykjavíkur og tók við biskupsembættinu árið 1939, en Jónas Tómasson hefir verið stjórnandi hans alla tíð.

Stofnendur kórsins voru um 30 söngmenn, konur og karlar, sem um langt skeið höfðu sungið í Ísafjarðar-kirkju, sumir jafnvel allt frá því um aldamót. Sjálfur hefir söngstjórinn verið organleikari við Ísafjarðarkirkju í 35 ár.

Fyrsti kennari kórsins var Sigurður Birkis, en einnig hefir frú Jóhanna Johnsen tekið einstaka kórfélaga í tíma undanfarna vetur. Mest hefir þó jafnan mætt á Jónasi Tómassyni um þjálfun Sunnukórsins, og er það meira en meðalmannsverk, sem hann hefir lagt fram í þágu söngmálanna í Ísafjarðarbæ á seinustu áratugum. Er ekki ofsagt, að í söngmálunum hefir Jónas Tómasson sýnt einstaka og aðdáunarverða þrautseigju og fórnfýsi. Ávallt hefir hann boðið skilningsleysinu og áhugaleysinu Laxdal. Eru bæði ljóðið og lagið ort á Ísafirði skömmu eftir aldamótin.

Er nú bezt að gefa einum listdómanda Reykjavíkur-blaðanna orðið um þessa hljómleika. (Baldur Andrésson í dagbl. Vísi). Hann sagði meðal annars:

„Til skamms tíma hefir blandaður kórsöngur orðið útundan hjá okkur af einhverjum ástæðum og hafa margir slíkir kórar átt erfitt uppdráttar og skamma lífdaga, og þannig hefir það að minnsta kosti verið hér í Reykjavík, þar til fyrir nokkrum árum, að hver blandaður kórinn af öðrum hefir komið fram og dafnað vel undir handleiðslu hæfileikamanna. *Sunnukórinn mun vera einhver elzti blandaði kórinn á landinu* og hefir ávallt notið söngstjórnar sama mannsins. Ber þetta söngstjóranum fagurt vitni, því að til þess að kór geti lifað og lognist ekki út af aftur, *þarf söngstjórinn að vera áhugamaður og hafa persónu, sem sameinar menn utan um sig.*

Á söngskránni voru íslenzk og erlend sönglög, sem öll áttu það sameiginlegt að vera við alþýðuskap og frá rómantisku listastefnunni runnin, en hér hjá almenningi er jarðvegurinn ruddur fyrir slík lög. Hér verða lögin ekki talin, en geta vil ég þess, að söngstjórinn hafði búið nokkur þeirra í búning fyrir blandaðan kór og gert það með prýði, og vil ég sérstak-

Sagt frá söngför Sunnukórsins í blaðinu Skutli *19. sept. 1945.*

Sunnukórinn hefur alla tíð skipað stóran sess í lífi Sigríðar Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar:

„Áherslurnar hafa vissulega verið mismunandi, en metnaðurinn ávallt setið í fyrirrúmi“

Nafn Sunnukórsins var jafnan sveipað ljóma í hugum okkar systkinanna í Smiðjugötu 5. Pabbi stjórnaði kórnum og mamma söng. Alltaf var verið að æfa, oft heima í stofu, bæði stærri og minni hópar, það var verið að útsetja lög á borðstofuborðinu og handskrifa nótur á stensla, sem síðan voru fjölritaðir – og nóturnar urðu oftast fjólublár. Ljósmyndirnar úr Bláu kápunni voru líka grandskoðaðar – mér fannst að flottara gæti það nú varla orðið.

Í byrjun janúar á hverju ári voru tískublöðin dregin fram og mamma sat við sauma langt fram á nótt, því að nú var að koma ball. Við horfðum hreykin á foreldra okkar, þegar þau voru tilbúin fyrir ballið. Pabbi kominn í kjólfötin, en mamma í nýjum glæsikjól og ég fékk það hlutverk að púðra á henni bakið – því að sjálfsögðu var kjóllinn fleginn að aftan! Svo biðum við í ofvæni eftir að ballinu lyki, því þá fylltist húsið af fólki, sem skemmti sér langt fram á morgun við söng og hljóðfæraslátt. Mamma hafði útbúið hangikjötslæri með öllu tilheyrandi, söngstjórakokkteillinn var á sínum stað og svangir ballgestirnir létu ekki sitt eftir liggja í fjöri og skemmtilegheitum.

Við systkinin tókum snemma virkan þátt í starfi kórsins og þegar Anna Áslaug fór suður í nám tók ég við sem undirleikari, aðeins 13 ára gömul. Þetta var yfirleitt skemmtilegt starf, en stundum dálítið tímafrekt. Þegar ég var í landsprófinu man ég, að ég tók námsbækurnar stundum með á æfingar og reyndi að lesa fyrir prófin á milli laga!

Frá þessum tíma eru mér einkum minnisstæðir tónleikarnir þegar verkið *Strengleikar* eftir Jónas Tómasson eldri var frumflutt í Alþýðuhusinu í mars 1966. Jónas hafði alltaf verið mér vinsamlegur og meira en það. Af einhverjum ástæðum hét hann á mig nokkrum sinnum og voru fyrstu peningarnir, sem ég eignaðist, einmitt slíkt áheitafé. Tveir af fremstu söngvurum landsins tóku þátt í tónleikunum, þau Sigurveig Hjaltested og Guðmundur Guðjónsson, sem þá voru á hátindi frægðar sinnar. Þau sungu einsöngslögin við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar og það var gríðarleg upphefð fyrir mig að fá að taka þátt í tónleikum með þessu fræga fólki. Ég spilaði undir í kórlögunum og í hinum áhrifamikla lokaþætti, *Dagur að viði er genginn*. Ekkert var til sparað að gera mig fína, hárlagning og fyrsti síðkjóllinn – reyndar af systur minni, en það gerði ekkert til. Þessir tónleikar voru mikill viðburður í mínum huga og kannski óméðvitað mikilvægur hlekkur í vali mínu á lífsstarfi.

Mér eru líka ógleymanlegir tónleikar í troðfullu Gamla bíói vorið 1968. Ég bauð reykvískri vinkonu minni með á tónleikana, en var samt hálfhrædd um að borgarbarninu þætti ekki mikið varið í einhvern „amatörakór“ að vestan. Það var öðru nær. Ég held að ég hafi vart verið viðstödd önnur eins fagnaðarlæti, nema ef vera skyldi móttökurnar á *Söngvaseiði* í Þjóðleikhúsinu 35 árum síðar. Fólkið grét og hló af hrifningu og þakið ætlaði bókstaflega að rifna af húsinu.

Haustið 1972 er ég komin aftur heim og brúðkaup okkar Jónasar haldið í desember. Þar var náttúrlega allur kórinn mættur til að syngja í athöfninni enda var haft á orði að þetta væri sannkallað „Sunnukórsbrúðkaup“!

Næstu árin eru minnisstæð, Það var mikill kraftur í kórstarfinu, Noregsferð vorið 1973 en þá lá ég á sæng og komst ekki með, Svo tók við kórstjórninni Hjálmar bróðir, sem allar „kerlingarnar“ í Sunnukórnum dáðu og elskuðu. Hjálmar hafði einstakt lag á að finna skemmtileg verkefni og hann og Jónas útsettu m.a. *Pólóvezka dansa* eftir Borodin og lög úr *Carmina Burana* fyrir fjórhent píanó og kór og var sérlega gaman að flytja þessi lög. Við þrjú stofnuðum *Kammersveit Vestfjarða* ásamt Jakobi Hallgrímssyni og sr. Gunnari Björnssyni og sveitin tók oftar en ekki þátt í tónleikum kórsins.

Flutningur kórsins á *Missa brevis* eftir Jónas í Kristskirkju við Landakot á hvítasunnunni í júní 1976 fellur seint úr minni. Það var alveg einstakt að kórinn skyldi fá að taka þátt í messugjörð í þessari fallegu og hljómmiklu kirkju, en tónverkið var listilega flétttað saman við guðsþjónustuna sjálfa.

Við hjónin fluttum til Þýskalands haustið 1976, en við heimkomuna 1978 tók Jónas við stjórn kórsins og stjórnaði honum allt til ársins 1985. Þessi tími einkenndist ekki síst af flutningi nýrra verka, gjarnan eftir Jónas sjálfan. Má þar nefna *Sjö orð Krists á krossinum*, *Kantötu V* við ljóð Þorsteins frá Hamri og síðast en ekki síst verkið *Mold og dagar*, sem er óvenjuleg og skemmtileg blanda af upplestri, hljóðfæraleik og kórsöng.

Sjálf hef ég starfað með kórnum nánast óslitið frá árinu 1979 og tekið þátt í fjölmörgum skemmtilegum verkefnum, stórum og smáum. Efst í huga nú er stórkostlegt ferðalag um slóðir foreldra minna í Kanada og Bandaríkjunum sumarið 2003. Ég er kórnum og stjórn hans ákaflega þakklát fyrir að heiðra foreldra mína á þennan hátt og að veita mér tækifæri til vera þátttakandi.

Á þessum nær 25 árum hef ég verið svo heppin að kynnast og starfa með frábærum kórstjórum, sem allir hafa sett sérstakan svip á kórstarfið, hver á sinn hátt.

Sigríður Ragnarsdóttir, undirleikari Sunnukórsins, og Margrét Geirsdóttir, stjórnandi. Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson.

Sigríður Ragnarsdóttir, undirleikari Sunnukórsins, segir nokkur orð á undan tónleikum kórsins í kirkju í Minneapolis í Bandaríkjunum.

Áherslurnar hafa vissulega verið mismunandi, en metnaðurinn ávallt setið í fyrirrúmi. Allir hafa þeir þurft að kljást við þann vanda að finna verkefni við hæfi, áhugaverð, viðráðanleg en um leið metnaðarfull, og allir hafa þeir leyst þennan vanda með prýði.

Langlífi kórsins er kannski ekki síst því að þakka að stjórn kórsins og stjórnendur hafa jafnan haft mikinn metnað til að flytja góða tónlist og gera það vel. Þeir hafa verið óragir að ráðast í stór og krefjandi verkefni og jafnan verið reiðubúnir til samstarfs við aðra kóra og tónlistarhópa.

Fyrir mig sem tónlistarmann hefur verið einstaklega spennandi að taka þátt í nýsköpun á vegum kórsins,en iðulega hafa verið samin ný lög eða gerðar nýjar útsetningar sérstaklega fyrir Sunnukórinn. Þá hefur kórinn jafnan haldið sögu sinni á loft og verið duglegur að sýna frumkvöðlunum virðingu og þökk.

Í mínum huga á Sunnukórinn að halda fram að vera „bæjarkórinn“ okkar, hann á að syngja á 17. júní og við jólatréð í desember, vera fastur punktur í tilverunni hér á Ísafirði. Kórinn á að vera opinn öllum, sem áhuga hafa á að syngja, en án þess að slaka á kröfunum. Framtíð kórsins veltur á því að gott fólk veljist til starfa fyrir hann, bæði á tónlistar- og framkvæmdasviðinu. Verkefnin eru óþrjótandi.

Sunnukórinn hefur auðsýnt mér og Jónasi margvíslega viðáttu og virðingu og reynst okkur mikilvæg stoð á gleði- og sorgarstundum. Okkur þykir báðum innilega vænt um þessa síungu stofnun og sendum okkar hjartans kveðjur og heillaóskir í tilefni afmælisins með von um langa og farsæla lífdaga um ókomin ár.

Sunnukórinn á tónleikum í apríl 1981 þegar 100 ár afmæli Jónasar Tómassonar var minnst með flutningi á nokkrum þáttum úr Strengleikum. Fyrir framan kórinn standa Jónas Tómasson yngri, stjórnandi, Sigríður Ragnarsdóttir, undirleikari, og Sigurður Björnsson, óperusöngvari.

---

lag: „Sonur minn, sofðu í ró“, sem oftast er eignað Mozart - einnig í þessari söngskrá - hefir þegar árið 1892 reynzt vera eftir þýskan lækni, Bernhard Flies, sem samdi það 1796, eða 5 árum eftir dauða Mozarts.) Hinir þrír einsöngvarar - Margrét Finnbjarnardóttir og Jón Hjörtur Finnbjarnarson auk frú Jóhönnu Johnsen - leystu hlutverk sín framúrskarandi vel af hendi, og vakti hinn ítalski raddhreimur frú Margrétar furðu áheyrendanna.

Á kirkjuhljómleikunum heyrðist auk söngvanna fersk og glaðvær partíta fyrir orgel eftir Pál Halldórsson, sem mun samin undir umsjá dr. Urbantschitsch, og ber hún vitni um kontrapunktakunnáttu höfundarins. Dr. Urbantschitsch lék verkið með áhrifaríkri registurs-skiptingu, enda var öll frammistaða hans - bæði við píanóið og orgelið - kórnum og söngstjóranum hinn mesti styrkur. Jónas Tómasson fer sínar eigin leiðir í stjórn kórsins, en með ljúfmennsku sinni og hlédrægni virðist hann örva sönggleði og sönghæfni kórsins betur en mörgum „routineruðum“ söngstjóra hefir tekizt.“

Í *Þjóðviljanum* laugard. 8. sept. segir svo:

„Sunnukórinn á Ísafirði hélt almenna hljómleika í Gamla Bíó í fyrrakvöld kl. 19. Var húsið þéttskipað, þrátt fyrir þennan óhentuga tíma, sem eins er kostur til tónleika.

Þegar kórinn hafði gengið inn á sviðið, ávarpaði Jón Alexandersson, formaður Landssambands blandaðra kóra, Sunnukórinn og bauð hann velkominn.

Að lokinni ræðu hans heilsaði Samkór Reykjavíkur undir stjórn Jóhanns Tryggvasonar Sunnukórnum með einu lagi.

Þá mælti formaður Sunnukórsins, Elías J. Pálsson nokkur orð, bauð gesti velkomna og þakkaði móttökurnar. Að loknini ræðu hans söng kórinn söngkveðju til Reykjavíkur við ljóð eftir Guðmund Geirdal.

Því næst hófst sjálf söngskráin með lagi Jóns Laxdal við „Rís heil, þú sól“ eftir Hannes Hafstein.

Önnur lög á söngskránni voru „Veiðiljóð“ eftir Schubert, „Íslenzk vetrarnótt“ eftir Kuhlau, „Ástarsæla“eftir S.K. Hall. Einsöng í því lagi söng Margrét Finnbjarnardóttir. Rödd hennar var þýð og þekk. Næst kom „Pílagrímssöngur“ eftir Wagner, „Kveða til Alpanna“ eftir Kreutser, „Nóttin“ eftir Schubert, „Kvöldklukkur“ rússneskt lag. Einsöng í laginu söng Tryggvi Fr. Tryggvason. Hann hefir fágaða og aðlaðandi rödd og glæstan persónuleik. Þá var Vögguvísa Mozarts, Der var en Svend med sin Pigelil eftir Heise, Gígjan eftir Sigfús Einarsson, Leiðsla eftir Sigvalda Kaldalóns, einsöngvari Jón Hjörtur Finnbjarnarson. Jón Hjörtur hefir fallega rödd og allþróttmikla, en fremur lítt þjálfaða.

Þá var Vorljóð eftir F. Mendelsohn - Bartholdy. Einsöngvari var Jóhanna Johnsen. Þetta lag er gullfallegt, en hvorki einsöngvarinn né höfundur ljóðsins luku sínum hlut svo sem laginu sómir, og þó ljóðsmiðurinn síður.

Síðast á söngskránni var svo Mars úr óperunni „Lulu“ eftir Kuhlau.

Auk þess varð kórinn að endurtaka mörg lög og syngja fjölda aukalaga. Fögnuður áheyrenda var gífurlegur. Barst kórnum svo mikið af blómum, að meiru varð varla fyrir komið á sviðinu.

Söngstjóri kórsins er, eins og áður hefir verið getið hér í blaðinu, Jónas Tómasson, tónskáld. Það er auðsætt af þeim glæsileik, sem var yfir þessum tónleikum Sunnukórsins, að hann hefir ekki aðeins unnið merkilegt starf í tónlistarlífi Ísfirðinga, heldur á landsmælikvarða. Kórinn er þrautþjálfaður og stjórn Jónasar Tómassonar traust og lifandi.

Kórinn á miklar þakkir skyldar fyrir komu sína, því að þó slíkar söngfarir séu eft til vill fyrst og fremst ætlaðar hinum afskekktu söngfélögum til örvunar og reynslu, mun samt verða sú reyndin á hér, að tónmenning Reykjavíkur verði auðugri eftir komu Sunnukórsins.

Meðal gesta voru forseti Íslands, hr. Sveinn Björnsson, biskupinn yfir Íslandi, hr. Sigurgeir Sigurðsson og borgarstjórinn í Reykjavík. “ B.S.

Rétt er að geta þess, að Hallgrímur tónskáld Helgason skrifaði um þessa tónleika í tímaritið *Tónlistin* og kvað þar við allt annan tón, en í hinum blöðunum. Þótti Hallgrími kórinn lélegur, enda verkefnin frá söngstjórans hendi heimskulega valin og raddsetningar hans af handahófi gerðar. Í því sambandi lastaði hann sérstaklega raddsetningu J.T. á Gígjunni eftir S.E.. En sú raddsetning hafði á sínum tíma verið borin undir Sigfús, og hann látið það álit sitt í ljós, að lagið mundi fara vel í þessum búningi.

Laugardaginn 16. buðu Reykjavíkurkórarnir Sunnukórnum til sameiginlegarar kaffidrykkju í samkomusal Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík.

Eftir að borð voru upptekin, var stiginn dans. Var samsætið í heild hátíðlegt og virðulegt, enda þótt mikil gleði ríkti jafnt meðal gesta og heimafólks.

Þess er getið hér að framan, að formaður kórsins var Elías J. Pálsson. En með honum voru í stjórninni: Pál Jónsson, kaupmaður - ritari, Ólafur Magnússon, framkvæmdarstjóri - gjaldkeri og meðstjórnendur frú Margrét Finnbjarnardóttir og séra Sigurður Kristjánsson.

Við árnum Sunnukórnum heilla á 70 ára afmælinu og óskum honum gæfuríkrar framtíðar

SPVF Sparisjóður Vestfirðinga
Íslandsbanki
Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Fiskvinnslan Kambur ehf
HG
Sparisjóður Bolungarvíkur
TM Tryggingamiðstöðin
LEV Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum ehf.
Olíufélag útvegsmanna hf.
3X Stál
Lögsýn ehf. Lögfræðiþjónusta
Hamraborg
Jón og Gunna
FMG Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna
Rammagerð Ísafjarðar
Langi Mangi café
Konur og menn
Landflutningar Samskip
Ametyst
Hárkompaní sími 456 6363
Íslandssaga h/f
Þrymur hf. – Vélsmiðja
Bílaverkstæði SS
Tækniþjónusta Vestfjarða
KL Apama Produce of Iceland – Klofningur ehf Suðureyri
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ
Gamla bakaríið Aðalstræti 24 • Sími 456 3226
Netagerð Vestfjarða
Gúmmíbátaþjónustan Ísafjörður
Hótel Ísafjörður
Húsgagnaloftið Sími 456 4566 • Skeiði 1 • 400 Ísafjörður
Núpur
Tryggvi Guðmundsson hdl
Vátryggingafélag Íslands hf
Silfurtorg Silfurgötu 1 400 Ísafirði Sími 456 3210
Orkubú Vestfjarða
Sjóvá Almennar
straumur
Gullauga
Meleyri ehf.

SÓLARFAGNAÐUR OG AFMÆLISHÁTÍÐ

Syngjandi í 70 ár

SUNNUKÓRSINS

1934 – 2004

STÓRVIÐBURÐUR Á ÍSAFIRÐI!

Laugardaginn 24. janúar 2004

Í Íþróttahúsinu Torfnesi

Veislustjóri
Hjálmar H. Ragnarsson

Allir velkomnir
Húsið opnað kl. 19
Samkvæmisklæðnaður

Verð kr. 4.800,-

Nánari upplýsingar
og miðapantanir
í símum 866 9555 og 867 7794

Glæsileg afmælisdagskrá

Fordrykkur

Glæsilegt smáréttahlaðborð
Kaffi og rjómapönnukökur í eftirrétt

Meðal þeirra sem koma fram eru:
Sunnukórinn í hátíðarskapi
Jassband Villa Valla
Ingunn Ósk Sturludóttir söngkona

Skemmtiatriði að hætti kórsins

Hljómsveitin Unaðsdalur
leikur fyrir dansi fram eftir nóttu

TILBOÐ Á FLUGI OG GISTINGU!!!

HAFIÐ SAMBAND VIÐ
FLUGFÉLAG ÍSLANDS Í SÍMA 456 3000
OG HÓTEL ÍSAFJÖRÐ Í SÍMA 456 4111

Hótel Ísafjörður

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland